FRÉTTABLAÐIÐ

93. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 13. maí 2021

20 ÁRA

Aukin aðsókn í iðnnám afrakstur kynningarstarfs

Nemendum í iðnnámi hefur fjölgað um 25 prósent á árabilinu 2017-2020. Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir þetta ánægjulega þróun og að mikilvægt sé fyrir efnahaginn að auka veg iðn- og starfsnáms.

thorvardur@frettabladid.is

MENNTAMÁL Á síðasta ári voru 804 nemendur útskrifaðir af iðnnámsbrautum í framhaldsskóla og brautskráðum hefur fjölgað mikið undanfarin ár. Frá 2017 til 2020 nam aukningin 25 prósentum samkvæmt greiningu Samtaka iðnaðarins (SI). Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, segir þetta afar ánægjulega þróun sem þakka megi samstilltu átaki atvinnulífs og stjórnvalda.

Sigurður segir mikilvægt fyrir íslenskan efnahag að auka veg iðn- og starfsnáms. Til að mynda hafi OECD bent á að færnismisræmi sé á íslenskum vinnumarkaði, of fáir iðn- og tæknimenntaðir útskrifist sem hafi slæm áhrif á samkeppnisstöðu Íslands. Það sé til mikils að vinna fyrir efnahag landsins að bæta úr þessu. Þörf sé á iðnmenntuðu starfsfólki í fjölda atvinnugreina, til að mynda hugverkaiðnaði og hátækni.

Ástæðu aukningarinnar segir hann mega þakka nokkrum samverkandi þáttum, kynningarstarfi, laga- og reglugerðarbreytingum stjórnvalda og aukinni uppbyggingu í málaflokknum. Í gær varð að lögum frumvarp um aðgengi að háskólum sem gerir það að verkum að þau sem ljúka iðn- og starfsnámi fá aðgang að háskólum, uppfylli það ákveðin skilyrði, líkt og þau sem útskrifast af bóknámsbrautum framhaldsskóla.

Fyrr á árinu var samþykkt reglugerð um vinnustaðanám sem Sigurður segir gjörbreyta fyrirkomulagi þess. Nú þurfa nemar ekki lengur að komast á samning hjá meistara og geta farið svokallaða skólaleið þar sem skóli þeirra ber ábyrgð á þessum hluta námsins. Nemar geta því farið til margra meistara og verið hjá þeim til styttri tíma, þar sem þeir geta stundað afmarkaðri hluta námsins. Sigurður segir þetta auðvelda bæði nemum og meisturum fyrir sem hafa kannski ekki tök á að hafa nemann í allan þann tíma sem námið krefst.

Reglugerðin felur einnig í sér að nú er miðað við hæfni nema en ekki lengd vinnustaðanáms. Því geta nemar sem fljótir eru að tileinka sér vinnubrögð og gengur vel í náminu verið skemur en þeir sem það tekur lengri tíma. „Þar með er búið að minnka muninn á námslengd hvað varðar bóknám og verknám, bóknám var stytt í þrjú ár fyrir nokkrum árum á meðan iðnnám er að jafnaði fjögur ár. Það er mikil breyting hvað þetta varðar. Allt miðar þetta að því að ryðja hindrunum úr vegi varðandi iðnnámið og hvetja til aðsóknar," segir Sigurður.

Hann segir fulla ástæðu til að hrósa menntamálaráðherra og stjórnvöldum fyrir að fara í þessar aðgerðir. „Þetta eru einar mestu umbætur sem orðið hafa á þessu sviði um áratuga skeið. Það var auðvitað löngu tímabært að setja þessi mál í forgang. Það virðist vera að skila árangri sem er alveg frábært. Þessar aðgerðir allar saman virðast vera að skila sér í aukinni aðsókn." ■

Óboðlegt á Akureyri

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Tvö stærstu knattspyrnufélög Akureyrar, Þór og KA, kvarta sáran undan aðstöðuleysi þessa dagana. Framkvæmdastjóri Þórs, Reimar Helgason, segir að íþróttasvæði félagsins anni ekki lengur eftirspurn, á sama tíma og fjölga eigi íbúðum á svæðinu. Þórsarar eru búnir að segja sig úr þverpólitískri nefnd um uppbyggingu íþróttamannvirkja í bæjarfélaginu. Báðir aðalvellir knattspyrnufélaganna eru óleikhæfir í upphafi leiktíðar.

„Það er þyngra en tárum taki að senda börnin okkar inn í Bogann að æfa yfir hásumarið af því að æfingaaðstaðan utanhúss er löngu sprungin og grassvæðin okkar ekki nógu góð. Það gefur augaleið að við getum ekki annað þeirri eftirspurn sem mun koma með þeim nýju byggingum sem eru á núverandi deiliskipulagi. Við viljum ekki lenda í því sama og KA-menn, það er að byggt sé í kringum okkur og svo farið að velta vöngum yfir uppbyggingu á íþróttamannvirkjum," segir framkvæmdastjóri Þórs. ■



Eldgosið í Geldingadölum hefur nú varað í tæpar átta vikur en sjónarspilið en enn jafn stórfenglegt. Kvikuflæði við gosið hefur vaxið og er nú nærri þrettán rúmmetrar á sekúndu. Í gær var flatarmál hraunsins orðið um 1,78 ferkílómetrar og rúmmál þess mældist 30,7 milljónir rúmmetra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Holdakúm fjölgar jafnt og þétt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Kindum fækkar en kúm fjölgar

thorgrimur@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Íslenskum sauðkindum fækkaði talsvert síðasta árið samkvæmt talningum Hagstofu. Taldar voru 401.022 kindur en voru 415.949 árið 2019. Þeim hefur fækkað á hverju ári síðan 2014 en þá voru þær taldar yfir 480 þúsund.

Um leið hefur fjöldi íslenskra holdakúa nær tvöfaldast. Þær voru 1.672 árið 2010 en eru nú 3.295.

Kári Gautason hjá Bændasamtökunum, segir fjölgun holdakúa skýrast af viðleitni til að auka gæði nautakjöts. „Íslenska búkynið er mjólkurkyn og hefur ekki verið ræktað fyrir kjötafurðum. Til að bæta gæðin á nautakjötinu er reynt að efla holdakjötsframleiðsluna."

Eftirspurn á lopa hefur aukist en Kári segir það hafa lítil áhrif. „Lopinn er í tísku núna en virði ullar er lítið hlutfall af sauðfjárræktartekjum." ■

Nánar á frettabladid.is

Keðjurnar glamra ef kastið hittir í mark

Þessir ungu piltar nýttu sér veðurblíðuna til að taka frisbígolfhring á Klambratúni í gær. Tugir þúsunda Íslendinga hafa heillast af frisbígolfi undanfarin ár og er iðulega mikil ásókn í vellina. Íþróttin krefst ekki mikilla líkamlegra átaka en keppnisskapið er aldrei langt undan. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vill svör frá landlækni

adalheidur@frettabladid.is

COVID-19 Umboðsmaður Alþingis hefur óskað eftir svörum frá Embætti landlæknis um upplýsingagjöf og leiðbeiningar varðandi bólusetningar í kjölfar kvartana sem honum hafa borist frá fólki sem ekki telur öruggt að þiggja bóluefni AstraZeneca af heilsufarsástæðum.

Í bréfi umboðsmanns til landlæknis er vísað til upplýsingasíðu Covid-19 og annarra síðna tengdra henni en þar kemur fram að þeim sem telji sig hafa ranglega þegið boð í bólusetningu sé bent á að snúa sér til heilsugæslunnar sem staðfesta muni sjúkrasögu viðkomandi. Umsjónarmenn lista á viðkomandi heilsugæslusvæði muni þá merkja viðkomandi til að unnt verði að boða þá aftur til bólusetningar á

Skúli Magnússon, umboðsmaður Alþingis.

réttum degi þegar viðeigandi bóluefni verði í boði.

Óskar umboðsmaður nánari upplýsinga um þessa málsmeðferð, afgreiðslu heilsugæslunnar og málsmeðferð landlæknis í framhaldinu. Þá er þess einnig óskað að upplýst verði hvaða upplýsingar fólk fær frá heilsugæslunni um frekari meðferð á beiðnum sínum.

Umboðsmaður óskar eftir svari landlæknis eigi síðar en næsta mánudag, 17. maí. ■

Sló fimm ára Íslandsmet

Iðunn Embla Njálsdóttir sló fimm ára gamalt Íslandsmet í hreystigreip þegar hún hékk á slá í rúmar fimmtán mínútur. Fram að því hafði hún aldrei hangið lengur en fjórar mínútur.

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG Iðunn Embla Njálsdóttir sló fimm ára gamalt Íslandsmet í hreystigreip á þriðjudaginn, þegar hún keppti fyrir hönd Réttarholtsskóla í Skólahreysti. Í hreystigreip hanga keppendur á slá eins lengi og þeir geta. Iðunn hékk í 15 mínútur og tvær sekúndur og sló þannig met Katarínu Eikar Sigurjónsdóttur sem hékk tveimur mínútum og 22 sekúndum styttra en Iðunn.

„Mér leið bara mjög vel og var rosalega glöð," segir Iðunn spurð um tilfinninguna þegar hún sló metið. „Þetta kom mér líka rosa mikið á óvart því að þegar ég var að æfa fyrir keppnina þá gat ég alltaf hangið í svona eina mínútu," bætir hún við.

Iðunn segist einu sinni hafa náð að hanga í um fjórar mínútur en aldrei lengur þangað til í keppninni sjálfri. „Meðan á þessu stóð þá fann ég að ég var orðin þreytt í handleggjunum en ef ég á að segja alveg satt þá hefði ég alveg getað hangið aðeins lengur, nema bara andlega var ég ekki að nenna því," segir hún.

Aðspurð segist Iðunn ekki hafa hugsað um neitt sérstakt á meðan á keppninni stóð, það rúma korter sem hún hékk hafi liðið frekar hratt. „Mér fannst þetta bara frekar vandræðalegt, ég vissi að allir gætu verið að horfa á mig af því að þetta var í beinni útsendingu," útskýrir hún, en Skólahreysti er sýnt beint á RÚV.

Iðunn hefur stundað fimleika frá því að hún var lítil og er mikil íþróttakona. Hún segir það þó ekki hafa verið draum sinn að keppa í Skólahreysti en hún hafi þó haft mjög gaman af því. „Þegar ég var

Iðunn stefnir að því að keppa í Skólahreysti aftur á næsta ári. MYND/AÐSEND

> Ef ég á að segja alveg satt þá hefði ég alveg getað hangið aðeins lengur, nema bara andlega var ég ekki að nenna því.
>
> Iðunn Embla Njálsdóttir

lítil þá fannst mér mjög skemmtilegt að horfa á þetta, en ég var ekkert að pæla í að taka þátt sjálf fyrr en ég var beðin um það," segir hún.

Iðunn fékk ekki að eiga Íslandsmetið í hreystigreip lengi, því í gær sló Erlín Katla Hansdóttir úr Flóaskóla metið þegar hún hékk í 16 mínútur og 58 sekúndur. Iðunn segir það hafa komið sér á óvart þegar Erlín sló metið, en að hún hafi þó ekki orðið leið. „Ég varð eiginlega bara hissa en ég kem bara aftur á næsta ári," segir hún ákveðin.

Tímann fram að mótinu á næsta ári ætlar Iðunn að nýta til að vinna í andlegu hliðinni, svo henni leiðist ekki þegar hún hangir í næstu keppni. „Já ég þarf bara að finna leið til að gera það," segir Iðunn. ■

Reykjavík

Gufunes

Tækifæri í þorpi skapandi greina

Reykjavíkurborg leitar eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í uppbyggingu til framtíðar í einstöku umhverfi Gufuness þar sem fallegt landslag við sjávarsíðuna kallast á við fjöllin.

Hverfið sem er einstakt og skapandi á framtíðina fyrir sér með kröftugri þátttöku skapandi aðila. Innan nokkurra ára er búist við að íbúafjöldi verði vel á annað þúsund manns.

Húsnæði til sölu

Skemma, verksmiðja og verkstæði fyrir skapandi framtíð

Tvær fasteignir sem eru í hjarta hverfisins og bjóða upp á mikla möguleika eru til sölu.

- Gufunesvegur 19, sem er 2.520 m² og hýsti verkstæði, skrifstofu og lager.
- Gufunesvegur 21, sem er 4.306 m² skemma.

Eignirnar verða allar seldar í núverandi ástandi og eru tilboðsgjafar hvattir til að kynna sér það vel.

Lóðir til sölu

Byggingarréttur með atvinnustarfsemi á jarðhæð til sölu

Lóðaleiguréttindi ásamt byggingarrétti í miðju hverfisins eru til sölu.

- Gufunesvegur 32
- Gufunesvegur 36
- Þengilsbás 3

Lóðirnar verða afhentar í því ástandi sem þær eru í og eru tilboðsgjafar hvattir til að kynna sér það vel.

Ertu með hugmynd?

Hugmyndir að uppbyggingu næsta áfanga

Hefur þú hugmynd sem þú vilt sjá verða að veruleika í Gufunesi?

Þróun á næsta áfanga hverfisins er hafin og kallar borgin nú eftir hugmyndum frá áhugasömum aðilum sem vilja taka þátt í uppbyggingu næsta áfanga Gufuness.

Græna planið

Nánari upplýsingar á **reykjavik.is/skapandigufunes**

Húsið mun rísa þar sem WOW air var áður til húsa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Grænt ljós gefið á níu hæða stórhýsi

kristinnpall@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Á nýjasta fundi byggingar- og skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar var umsókn Höfðatorgs ehf. um leyfi til þess að byggja steinsteypta níu hæða skrifstofubyggingu samþykkt. Mun byggingin verða að Katrínartúni 6 þar sem höfuðstöðvar WOW air voru áður til húsa.

Samkvæmt áætlunum verður nýja byggingin með níu hæðum ásamt einnar hæðar glerbyggingu. Byggingin verður tengd byggingum sem eru fyrir á lóðinni og kemur til með að tengjast sameiginlegum bílakjallara við Höfðatorg. ■

Tap upp á tæpan milljarð í Árborg

kristinnpall@frettabladid.is

ÁRBORG Í rekstrarreikningi sveitarfélagsins Árborgar kemur í ljós að sveitarfélagið var rekið með 949 milljóna króna tapi á síðasta ári, þrátt fyrir að tekjur sveitarfélagsins hafi aukist. Um leið jukust skuldir sveitarfélagsins um tæplega þriðjung.

Kjartan Björnsson lagði fram bókun fyrir hönd bæjarfulltrúa D-listans þar sem stjórnarhættir meirihlutans voru gagnrýndir og lítið gefið fyrir útskýringar um breytt ástand vegna heimsfaraldurs. „Útskýringar bæjarstjóra þar sem Covid-19 faraldrinum er kennt um bága stöðu standast ekki, en eru til þess fallnar að rugla íbúa," segir í bókun fulltrúa D-listans. ■

LEIÐRÉTTING

Í myndatexta á blaðsíðu 2 í blaði gærdagsins var ranghermt að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefði barist við gróðurelda á Vatnsleysuströnd. Hið rétta er að það voru Brunavarnir Suðurnesja sem það gerðu. Beðist er velvirðingar á rangherminu. ■

Færri MH-ingar segjast upplifa áreitni

thorgrimur@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Hlutfall nemenda í Menntaskólanum í Hamrahlíð sem hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi hefur lækkað í fjögur ár samfellt. Kemur þetta fram í könnun um líðan nemenda sem Framhaldsskólapúlsinn tók á skólaárinu 2020 til 2021.

Í könnuninni sögðust 12,2 prósent svarenda hafa orðið fyrir áreitni eða ofbeldi og er þetta um helmingslækkun frá árinu 2017, þegar 25,4 prósent aðspurðra sögðust hafa upplifað áreitni.

MH-ingum sem segjast upplifa áreitni eða ofbeldi hefur fækkað.

Viðmið á hlutfalli nemenda annarra skóla sem hafa upplifað áreitni hefur ekki minnkað á sama hátt og hefur staðið í stað rétt yfir 20 prósent. Það viðmið er þó aðeins reiknað út frá tilteknum skólum sem tóku þátt í könnuninni frá ári til árs og gefur því ekki nákvæma eða vísindalega heildarmynd af tíðni kynferðisáreitni í íslenskum menntaskólum.

Þrátt fyrir þessa þróun lækkaði hlutfall nemenda MH sem sögðust vera hamingjusamir talsvert og mældist nú 60,9 prósent, rúmum sjö prósentustigum lægra en árið áður. Jafnframt fjölgaði nemendum sem mældust þunglyndir í könnuninni um tæp fimm prósentustig frá fyrra ári, upp í 19,2 prósent. ■

Vífilsstaðatún smellpassar fyrir tónlistarhátíð eins og Secret Solstice

Hópurinn sem stendur að Secret Solstice hefur sent bæjaryfirvöldum í Garðabæ bréf þar sem óskað er eftir að fá að halda hátíðina á Vífilsstaðatúni. Stórtónleikar Of Monsters and Men á túninu hafi gefið góð fyrirheit.

Stuðið á Secret Solstice er einstakt. Heimili hátíðarinnar var í Laugardal en nú leita skipuleggjendur að nýju heimili og horfa til Garðabæjar, nánar tiltekið til Vífilsstaðatúns þar sem áhorfendur geta sest niður í aflíðandi brekku. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Ég er nýfluttur heim í Garðabæ og keyri fram hjá Vífilsstaðatúni á hverjum degi og finnst þetta frábær staðsetning. Ég er búinn að tala fyrir þessu áður innan hópsins því þarna voru frábærir tónleikar Of Monsters and Men þannig að við vitum að þetta er hægt," segir athafnamaðurinn Jón Bjarni Steinsson, sem vill koma með tónlistarhátíðina Secret Solstice á Vífilsstaðatún.

Secret Solstice-hátíðin fór fyrst fram sumarið 2014 og hefur haft sitt heimili í Laugardalnum. Í bréfi sem Jón Bjarni sendi Garðabæ og fjallað var um í Fréttablaðinu í gær segir að Laugardalur sé frábær staður til að halda tónlistarhátíð, en borgaryfirvöld séu svolítið sein til svars.

„Vandamálið hefur alltaf verið hversu langar allar boðleiðir eru innan Reykjavíkur. Það hefur gert alla vinnu í kringum skipulagningu og framkvæmd mjög flókna og erfiða. Þá hefur það lengi legið fyrir að fara ætti í framkvæmdir á svæðinu. Það er mjög óþægileg staða að vera í sem skipuleggjandi, að geta ekki gengið að því vísu ár frá ári að þú getir notað sama svæði. Ég, sem uppalinn Garðbæingur, hef lengi haft augastað á Vífilsstaðatúni sem heimili fyrir hátíðina, það svæði ásamt Klambratúni og Laugardal eru einu svæðin á stórhöfuðborgarsvæðinu sem geta borið hátíð eins og Secret Solstice," segir í bréfinu.

> Fyrir mig sem Garðbæing, Stjörnumann og nágranna þá er þetta fallegt svæði með mikla möguleika. Stærsti kosturinn við svæðið að mínu mati er að þarna er smá brekka. Þá þarf ekki að standa allan tímann.

Jón Bjarni Steinsson

Jón Bjarni bendir á að hátíðin hafi sótt um að vera á Klambratúni árið 2017. „Það var einhverja mánuði að velkjast um í kerfinu innan borgarinnar og svo fengum við nei fyrir skömmu. Ég var búinn að heyra að þeim sem unnu að tónleikum Of Monsters and Men forðum daga fannst frábært að vinna með Garðabæ. Auðvitað spilar það inn í."

Hann segir að hátíðin sé flókin í framkvæmd og taki tæpt ár í skipulagningu. Hún hefur eðlilega legið í dvala vegna faraldursins en mun koma sterk til baka á nýjum stað. Jón Bjarni bendir á einn augljósan kost að sínu mati og það sé að fá bílastæði séu við Vífilsstaðatún og því þurfi að koma fólkinu til og frá svæðinu. Þar með myndast engin hópamyndun eins og stundum gerðist í Laugardalnum. Þá sé þetta þægilega langt frá íbúabyggð.

„Fyrir mig sem Garðbæing, Stjörnumann og nágranna þá er þetta fallegt svæði með mikla möguleika. Stærsti kosturinn við svæðið að mínu mati er að þarna er smá brekka. Þá þarf ekki að standa allan tímann. Maður þekkir það frá Þjóðhátíð að þetta breytir aðeins upplifuninni. Ég reikna með að Garðabær vilji aðeins meiri upplýsingar, enda er þetta stór hátíð og stór viðburður og kannski ekki mikið af upplýsingum í erindinu sem ég sendi. Vonandi heldur samtalið áfram og vonandi gengur það vel. Það er nægur tími því við stefnum á að halda hátíðina aftur í júní 2022."

Jón er að opna veitingastað í húsinu sem er verið að byggja gegnt Náttúrufræðistofnun og hefur því mörg járn í eldinum. „Ég var kominn með alveg nóg af miðbæ Reykjavíkur og flutti heim í Garðabæ. Ég er reyndar að gera nánast það sama en núna í mínu bæjarfélagi og vonandi næ ég að lífga upp á bæinn með Secret Solstice." ■

KRÓNAN

Nánar á kronan.is

OPIÐ Í DAG

Uppstigningardag, í öllum verslunum

Gleðilegt GRILL sumar!

Cheddar hamborgaraostur

629 kr. pk.

ÍSLENSKA HAMB ORGARA FABRIK KAN 2010

Fabrikkan Ribeye borgarar 2x175 g

1379 kr. pk.

3 FYRIR 2

Cavendish franskar, 750 g

769 kr. pk.

Ódýrt

Hamborgarar 4 stk. með brauði

998 kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Málið verður dæmt í Strassborg á þriðjudaginn. Málið hefur velkst í kerfinu frá fæðingu drengsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Niðurstaða boðuð um rétt íslensks barns til fjölskyldu

Mannréttindadómstóll Evrópu mun á þriðjudaginn kveða upp dóm í máli fráskilinna kvenna sem vilja fá viðurkenningu á að þær séu foreldrar átta ára gamals drengs sem staðgöngumóðir ól fyrir þær árið 2013.

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Á þriðjudaginn í næstu viku mun Mannréttindadómstóll Evrópu kveða upp dóm í máli átta ára gamals drengs og fráskilinna hjóna sem árangurslaust hafa barist fyrir viðurkenningu á því að þau séu foreldrar hans.

Hjónin, sem eru íslenskar, samkynhneigðar konur, fengu bandaríska staðgöngumóður til að ganga með drenginn fyrir sig. Hann fæddist í Kaliforníu í Bandaríkjunum 14. febrúar 2013.

Notað var bæði gjafaegg og gjafasæði við getnað barnsins og skömmu eftir fæðingu þess viðurkenndi bandarískur dómstóll að íslensku konurnar væru mæður drengsins að lögum. Hvorki staðgöngumóðirin né egg- eða sæðisgjafinn ættu rétt til barnsins sem foreldrar.

Íslensk lög heimila ekki staðgöngumæðrun og þegar hjónin komu með son sinn til Íslands hafnaði Þjóðskrá beiðni þeirra um að fá drenginn skráðan sem son sinn og um leið að drengurinn fengi íslenskan ríkisborgararétt.

Var drengurinn í kjölfarið tekinn í umsjá hins opinbera en hjónin gerð að fósturforeldrum hans.

Hjónin kærðu ákvörðun Þjóðskrár til innanríkisráðuneytisins sem staðfesti synjunina. Þær óskuðu eftir ógildingu ákvörðunarinnar fyrir héraðsdómi og loks Hæstarétti. Bæði dómstig mátu það svo að Þjóðskrá hefði verið rétt að hafna beiðninni. Niðurstaða Hæstaréttar byggði á því að konurnar eigi engin líffræðileg tengsl við drenginn.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að konurnar hafi reynt að fá að ættleiða drenginn en þegar þær skildu féll umsóknin niður.

Árið 2015 var drengnum svo veittur ríkisborgararéttur með lögum frá Alþingi. Konurnar skildu sama ár og var drengurinn settur í fóstur til annarrar þeirra og sambýliskonu hennar.

Þegar niðurstaða Hæstaréttar lá fyrir árið 2017 var drengurinn orðinn fjögurra ára. Hann varð átta ára í febrúar síðastliðnum.

Fyrir Mannréttindadómstól Evrópu byggja konurnar og drengurinn þeirra á 8. gr. Mannréttindasáttmálans um rétt til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og á 14. gr. um bann við mismunun. Þær vísa bæði til þess að fólk í sömu fjölskyldu eigi rétt á því að fjölskyldutengsl þeirra séu opinberlega viðurkennd.

Þá vísa þau einnig til þess að íslenskir dómstólar hafi viðurkennt foreldratengsl í kjölfar notkunar staðgöngumóður þegar um foreldra af sitt hvoru kyninu var að ræða og byggja á því að þeim hafi verið mismunað vegna samkynhneigðar sinnar.

Í sínu fyrsta ráðgefandi áliti sem Mannréttindadómstóllinn skilaði árið 2019, á grundvelli nýs viðauka sáttmálans, svaraði dómurinn spurningum frá Hæstarétti Frakklands um svipað álitaefni og um ræðir í tilviki íslensku fjölskyldunnar.

> Drengurinn var getinn með aðstoð staðgöngumóður í Bandaríkjunum, þar sem hann fæddist í febrúar 2017. Fjölskyldutengsl drengsins og mæðra hans hafa ekki verið viðurkennd a

Að áliti dómsins verða aðildarríki sáttmálans að tryggja börnum sem getin eru með sæði föður en aðstoð staðgöngumóður, möguleika á lagalegri viðurkenningu á sambandi þess við hina ætluðu móður. Ekki er, að mati MDE, nauðsynlegt að þetta gerist með skráningu í fæðingarvottorð heldur megi fara aðrar leiðir eins og ættleiðingu.

Mál það sem ráðgefandi álitið er veitt um er vissulega frábrugðið því íslenska, að því leyti að þar er faðir barnsins einnig sæðisgjafi og þannig líffræðilega tengdur barninu. Ætluð móðir barnsins á hins vegar engin líffræðileg tengsl við það, líkt og í tilviki íslensku kvennanna og um þau tengsl fjallar álitið. ■

BORGIR FASTEIGNASALA

BÁRUGATA 38– efri hæð og ris ásamt bílskúr.

Borgir kynna: Opið Hús í dag 12-00 til 13-00.
Efri hæð og ris ásamt bilskúr nálægt miðbænum. Bílastæði á lóð.
Þrjú svefnherbergi og stofur og fallegt rúmgott Baðstofuloft.
Verð kr 79,9 milj.
Heiða s. 699-2228 verður á staðnum og tekur á móti ykkur.

Grensásveg 50, 108 Rvk • Sími 588-2030
Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir

Markaðsstofa Kópavogs

AÐALFUNDUR
Markaðsstofu Kópavogs 2021

Aðalfundur Markaðsstofu Kópavogs verður haldinn föstudaginn 28. maí kl. 12:00 á Hótel Kríunesi, Vatnsenda, 203 Kópavogi

Dagskrá
1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar félagsins 2020
4. Ákvörðun árgjalds
5. Kosning fulltrúa fyrirtækja í stjórn félagsins
6. Kosning skoðunarmanna reikninga
7. Önnur mál

Samkvæmt 7. gr. samþykktar Markaðsstofu Kópavogs eiga þeir sem greitt hafa árgjald félagsins kjörgengi og kosningarétt á aðalfundinum. Þeir sem vilja gerast aðilar fyrir aðalfund félagsins geta haft samband með tölvupósti á markadsstofa@kopavogur.is eða í síma 864 8830.

Til að unnt verði að tryggja tveggja metra fjarlægð milli fundargesta eru aðilar beðnir um að tilkynna mætingu á netfangið markadsstofa@kopavogur.is fyrir fundinn.

Stjórn Markaðsstofu Kópavogs.

Úlfaveiðar bannaðar í Slóvakíu

arnartomas@frettabladid.is

SLÓVAKÍA Úlfurinn verður að verndaðri tegund í Slóvakíu þann 1. júní næstkomandi. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu Alþjóðanáttúruverndarsjóðsins.

Landbúnaðarráðuneyti Slóvakíu veitir venjulega kvóta til úlfaveiða sem hleypur á nokkrum tugum dýra, og var 50 úlfar á síðasta veiðitímabili. Frá árinu 2000 hafa um 1.800 úlfar verið veiddir löglega í landinu þar sem einnig ber á ólöglegum veiðum.

Af um það bil tólf þúsund úlfum í Evrópu utan Rússlands er talið að á bilinu 1.000 til 1.800 séu í Slóvakíu.

Um 1.000-1.800 af 12.000 úlfum Evrópu eru í Slóvakíu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ákvörðunin um að banna veiðarnar var tekin í kjölfar herferðar sem fjöldi náttúruverndarsamtaka tók þátt í. Þar var því haldið fram að ekki væri hægt að koma í veg fyrir veiðar á úlfum sem færu yfir landamæri á svæðum þar sem kvótinn væri í gildi.

Þá var því einnig haldið fram að úlfarnir hefðu jákvæð áhrif fyrir iðnað í landinu þar sem þeir drægju úr neikvæðum áhrifum dádýra á skógrækt og landbúnað. ■

Alvöru rafmagnshjól frá enox.®

Sennilega allra bestu rafhjólakaupin á þessu vori

Umhverfisvænt - 250W
25 km hraði - Drægni 70 km

Nýtt
karlmanns-
reiðhjól

Mest seldu rafhjólin
í Húsasmiðjunni, á ótrúlegu verði

169.900 kr

3903103, 3903104

HÚSASMIÐJAN
FYRIR ÞIG

Rafmagnshjól ENOX EBX37 – EBX34

Enox Yadea rafmagnsreiðhjól, 7 gíra borgarhjól, 36v rafhlaða undir bögglabera, Bafang mótor að framan, hleðslutími 3-6 klst., Tektro V bremsur. Stillanlegt framstýri, ljós að framan og aftan, bögglaberi, bretti, bjalla, keðjuhlíf, dempari að framan, áfastur lás fylgir með.

Fást aðeins í Húsasmiðjunni

enox.®
enjoy life

ÞÝSKT GÆÐAMERKI

Bjarni segir launþegahreyfinguna tvístraða

Þórður Gunnarsson
thg
@frettabladid.is

Fjármálaráðherra segir skort á samstöðu og innbyrðis átök hjá launþegahreyfingunni geta orðið skaðleg til lengri tíma litið. Nauðsynlegt sé að geta átt heiðarlegt samtal um raunverulegt svigrúm til launahækkana hverju sinni.

Áhyggjuefni er hversu tvístruð launþegahreyfingin er orðin og draga mun úr áhrifum hennar ef mismunandi hópum innan hreyfingarinnar tekst ekki að sameina sín sjónarmið betur. Þetta er mat Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra sem var í viðtali í sjónvarpsþætti Markaðarins á Hringbraut í gærkvöldi.

„Það er mikið áhyggjuefni, ég verð bara að segja það, hvað launþegahreyfingin er orðin tvístruð. Mér finnst eins og þetta séu eins og indjánahópar, hver með sinn höfðingjann og það eru innbyrðis átök. Þetta mun hafa þau áhrif, ef menn ná ekki að sameina betur sjónarmið sín, að draga mun úr áhrifum launþegahreyfingarinnar. Þetta getur líka verið skaðlegt ef ætlunin er að ná einhvers konar heildarniðurstöðu í kjaraviðræðum á vinnumarkaði. Ef hver hópur fer fram með sínar sérkröfur þá getur innbyrðis samhengið ekki orðið annað en að allir fá mikið. Það leiðir fram þá niðurstöðu að það er hætta á því að við tökum meira út en innistæða er fyrir," segir Bjarni.

Bjarni Benediktsson var í viðtali í sjónvarpsþætti Markaðarins á Hringbraut í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/MARKAÐURINN

Brattar hækkanir

Launavísitala Hagstofunnar hækkaði mikið á síðasta ári, þrátt fyrir að ein dýpsta kreppa síðari tíma hafi leikið hagkerfi landsins grátt. Mestar launahækkanir voru meðal opinberra starfsmanna, einkum og sér í lagi meðal starfsmanna sveitarfélaga, sem sáu margir hverjir sín laun hækka um hartnær fimmtung.

„Við getum ekki horft fram hjá lögmálum hagfræðinnar. Ef við hækkum launin stanslaust umfram framleiðniaukningu þá sligum við fyrirtækin, þau munu ekki rísa undir slíku. Launahlutfall fyrirtækja hér á landi var mjög hátt fyrir síðustu kjarasamningshækkanir, kannski með því allra hæsta innan OECD og á Norðurlöndunum. Þannig að þetta er sannarlega eitthvað sem við þurfum að hafa áhyggjur af," segir Bjarni, sem vill þó ekki úrskurða um hvort undanfarnar launahækkanir hafi verið umfram þolmörk: „Vinnuveitendahliðin hefur sagt að meira hafi verið tekið út en var til skiptanna. Við skulum láta þá [aðila vinnumarkaðarins, innsk. blm.] takast á um það nákvæmlega hvaða rými var fyrir hendi í Lífskjarasamningnum. En mér sýnist, miðað við þær launahækkanir sem þegar voru komnar fram og stöðuna í hagkerfinu, lítið eða ekki neitt hafa verið skilið eftir á borðinu."

Vill ljúka sölu á öllum Íslandsbanka við fyrsta tækifæri

Fyrsta útboð vegna sölu á eignarhlut ríkissjóðs á 25 til 35 prósenta hlut í Íslandsbanka mun að öllum líkindum fara fram í júnímánuði. Heyrst hefur á markaði að mörgum hugnist ekki nema miðlungsvel að vera minnihlutaeigandi á móti ríkissjóði. Bjarni Benediktsson segir að persónulega myndi hann kjósa að halda áfram sölu á eignarhlutum í bankanum hið fyrsta.

„Ég hef sjálfur talað fyrir því að við losum okkur alveg út úr eignarhaldinu. Ef ég fengi einhverju um það ráðið þá myndum við klára þennan áfanga og við myndum nota fyrsta tækifæri á nýju kjörtímabili til að halda áfram að losa okkur við eignarhluti í bankanum.

Við erum skuldbundin samkvæmt skilmálum útboðsins til að selja enga fleiri hluti næstu sex mánuði eftir fyrstu sölu, þannig að þetta verður verkefni næsta kjörtímabils," segir hann.

Hvað varðar Landsbankann segir Bjarni að stefnan sé sú að ríkið eigi til framtíðar ráðandi hlut í Landsbankanum, en selji afganginn. „Sá hlutur gæti legið á bilinu 35 til 50 prósent. Eignarhald ríkissjóðs á hlut í Landsbankanum yrði til þess fallið að tryggja að hér yrði áfram banki með höfuðstöðvar á Íslandi," segir Bjarni.

> **Við getum ekki horft fram hjá lögmálum hagfræðinnar. Ef við hækkum launin stanslaust umfram framleiðniaukningu þá sligum við fyrirtækin, þau munu ekki rísa undir slíku.**
>
> Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

Bjarni segir nauðsynlegt að hægt sé að eiga heiðarlegt samtal um hvert svigrúm til launahækkana er hverju sinni. „Þar komum við aftur að því sem ég nefndi, þegar þú ert með sundraða launþegahreyfingu þá skiptir það einstaka hópa ekki máli hvað mikið er til skiptanna í heild, heldur er hver að horfa á málin frá sínum sjónarhóli og það getur á endanum haft keðjuverkun í för með sér, sem leiðir til þess að of mikið er tekið út og við sitjum uppi með verðbólgu og hærra vaxtastig."

Engin óðaverðbólga

Tólf mánaða verðbólga mælist um þessar mundir 4,6 prósent og hefur ekki verið hærri um margra ára skeið. „Við verðum að horfa á þessar verðbólgutölur og láta þær verða okkur áminningu um að allir þeir sem geta haft áhrif á þróun verðlags leggi eitthvað af mörkum. Það fer ekki fram hjá neinum að það eru verðhækkanir á húsnæðismarkaði sem eru að baki verðbólgunni að stórum hluta til. Það á svo eftir að koma í ljós að hvaða marki launahækkanir eru að þrýsta á verðlag. En höfum það hugfast að þessar verðbólgutölur eru ekki merki um óðaverðbólgu," segir Bjarni. ■

Efnahagsleg eymd langt frá sínu hæsta gildi

thorsteinn@frettabladid.is

Eymdarvísitalan, sem er samtala verðbólgu og atvinnuleysis, er um helmingi lægri en þegar hún náði sínu hæsta gildi eftir fjármálahrunið.

Eymdarvísitalan er einfaldur og gagnsær mælikvarði, sem rekja má til hagfræðingsins Arthur Okun, á því hvernig hinn almenni borgari hefur það í efnahagslegu tilliti.

Vísitalan stóð í 13 prósentum í mars síðastliðnum en til samanburðar fór vísitalan hæst í 27 prósent í febrúar 2009.

„Það kemur svolítið á óvart að munurinn sé svo mikill en það helgast að einhverju leyti af því að áhrif faraldursins á hagkerfið hafa ekki reynst jafn alvarleg og talið var í fyrstu," segir Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands.

Vísitalan hefur verið gagnrýnd fyrir að vera of einfaldur mælikvarði á efnahagslega eymd, en þeirri gagnrýni hefur verið svarað með því að gefa atvinnuleysi meira vægi. Í tilfelli Íslands þyrfti þó að breyta hlutföllunum mjög mikið til að vísitalan í yfirstandandi niðursveiflu kæmi verr út en hún gerði í fjármálakreppunni.

Eymdarvísitalan fyrir Ísland

„Það sem þessi vísitala lýsir þó ef til vill best er þær stóru áskoranir sem hagstjórnin stendur frammi fyrir og í hversu þröngri stöðu hagstjórnin er," segir Konráð.

„Nú fer verðbólga vaxandi og atvinnuleysi er enn hátt, sem birtist í háu gildi vísitölunnar. Það gefur til kynna að vaxtaákvarðanir á næstunni gætu verið snúnar fyrir peningastefnunefnd Seðlabankans, sem þarf að halda verðbólgu í skefjum á sama tíma og hún má ekki standa í vegi fyrir efnahagsbatanum." ■

SUMARFRÍ

4 VIKUR

20 kr. AFSLÁTTUR

Skráðu þig á orkan.is

Skipuleggðu sumarfríið vel og vertu með afslátt í áskrift

Veldu þínar **4 vikur** og tankaðu með **20 kr. afslætti*** með Orkulyklinum! Þú gætir líka unnið **gistinótt á Icelandair hóteli með morgunmat fyrir tvo, 50.000 kr. eldsneytisinneign, lesbretti og 12 mánaða áskrift að Storytel eða aðgang fyrir tvo í Sky Lagoon**.

Orkan — Ódýrasti hringurinn

*Gildir ekki á Orkunni Bústaðavegi, Dalvegi, Reykjavíkurvegi og Mýrarvegi, en þar gildir okkar allra lægsta verð — skilyrðislaust.

Skíðað niður Hnappaleið undir rótum Vestari Hnapps þann 13. júní 2017. Í miðið er forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, sem nokkrum klst. áður hafði staðið á tindi þessa tilkomumikla fjalls, en nóttina áður náði hann einnig tindi hæsta fjalls Íslands, Hvannadalshnjúks.

Útsýni af Vestari Hnapp til austurs. Til vinstri eru Sveinstindur og Sveinsgnípa og Eystri Hnappur í miðið. MYNDIR/TG

Í hnappheldu Vestari Hnapps

Tómas Guðbjartsson
hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi

Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og ljósmyndari

Öræfajökull er stærsta eldfjall landsins, sem státar af flestum fjallarisum landsins. Þeir raða sér eftir börmum öskjunnar sem nær allt að 6 km breidd og er fyllt 550 m þykkum ís sem bíður ískaldur eftir að Öræfajökull ræski sig aftur. Hvannadalshnjúkur er hæstur (2.110 m), síðan koma Sveinstindur (2.044 m) og Snæbreið (2.036 m) en aðeins lægri, en ekki síður tilkomumikill, er kúlulaga Vestari Hnappur. Hnappur kemur víða fyrir í tindanöfnum hérlendis, sérstaklega þegar í hlut eiga fjöll sem eru kollótt og kúlulaga, en orðið kemur víða fyrir í íslensku máli, til dæmis var þjóhnappur í fornu máli notað yfir rasskinn.

Vestari Hnappur liggur í sunnanverðri öskjunni, upp af bænum Hnappavöllum skammt frá Fagurhólsmýri. Suður af bænum er helsta klifursvæði landsins, en nokkrar af rúmlega 100 klifurleiðum þar þykja með þeim erfiðustu á Norðurlöndum og hafa því freistað margra. Miklu færri hafa freistast til að stíga fæti á Vestari Hnapp, enda þótt hann nái 1.849 metra hæð yfir sjávarmáli og sé tvímælalaust á meðal tignarlegustu tinda landsins. Aðeins austar er bróðir hans Eystri Hnappur (1.758 m) en hann er enn fáfarnari vegna risastórra jökulsprungna sem umlykja hann. Vestari Hnapp má hins vegar klífa úr norðvestri en gangan krefst reynslu í notkun jöklabúnaðar, trygginga og klifurlínu. Frá Hnappavöllum má aka mjög torfarinn jeppaslóða upp að snjó í 700-800 m hæð. Svokallaðri Hnappaleið er síðan fylgt norðvestur í átt að Hnjúknum, en þegar komið er upp á öskjubrúnina er sveigt til hægri að Vestari Hnapp. Þar bíður brattur snjóhryggur sem fylgt er upp á hátindinn. Gangan tekur 10-12 klst. fram og til baka og telst krefjandi. Útsýnið efst er magnað og sést vel í áðurnefnda fjallarisa en líka Rótarfjallshnjúk (1.848 m), Efri Dyrhamar (1.917 m), Skeiðarársand og Ingólfshöfða. Þarna er auðvelt að gleyma stað og stund og festast í hnappheldu Vestari Hnapps. Orðatiltækið að ganga í hnappheldunna þýðir að gifta sig og á rætur sínar að rekja til tóbands sem notað var til að binda framfætur strokgjarnra hesta. Ólíklegt er að einhvern langi til að strjúka af Vestari Hnappi, enda ástin ævilöng og skilyrðislaus fyrir þá sem ná tindi hans. ■



Af öskju Öræfajökuls líkist Vestari Hnappur píramída. Gönguleiðin liggur upp hrygginn fyrir miðri mynd.

VILTU VINNA
RAFMAGNSHLAUPAHJÓL?

KAUPTU TVÆR PRINGLES DÓSIR*
SENDU OKKUR KVITTUN Á
KELLOGGS@NOI.IS
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
MI PRO 2 RAFMAGNS-HLAUPAHJÓL OG HJÁLM

*Gildir einungis um 200g Pringles.
Tímabil leiks 12.04.2021-25.05.2021.
Dregið er 26.05.2021.

Pringles pop play eat

Að vera maður

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Það er gott til þess að vita að íslenskan eigi öfluga stuðningsmenn sem standa vörð um hana og vara við afbökun á henni. Í þessum hópi er Vala Hafstað sem nýlega skrifaði prýðisgóða, bráðskemmtilega og snarpa grein í Fréttablaðið um afbökun tungumálsins. Meðal annars tók hún dæmi um orðið „maður“ sem margir forðast nú um stundir að taka sér í munn. Orðið er nefnilega karlkyns og í samtímanum þykir það verulega afleitt, reyndar svo mjög að talin er rík ástæða til að varast notkun þess.

Dæmi um þetta sjást víða. Þannig er um hver áramót ekki lengur valinn „maður ársins“ heldur „manneskja ársins“. Einnig er reynt með öllum ráðum að tala um „fólk“ eða „aðila“ til að neyðast ekki að segja hið vonda orð „maður“. Þannig þykir betra, eins og Vala nefnir í grein sinni, að segja „hestafólk“ í staðinn fyrir „hestamenn“, lögreglufólk í staðinn fyrir lögreglumenn og svo framvegis.

Vala er ekki ein um að hafa vakið athygli á hræðslunni við orðið „maður“. Það gerði Baldur Hafstað einnig í nýlegri grein í Morgunblaðinu með yfirskriftinni Afkynjun íslenskunnar. Þar lýsti hann því meðal annars þegar hann heyrði fréttamann RÚV hiksta á orðinu „mannabein“ og flýta sér að segja í staðinn „manneskjubein“.

Úthýsing orðsins maður gengur samt ekki nægilega skilvirkt fyrir sig. Einhverjir virðast ekki ætla að láta sér segjast. Sem dæmi má nefna að á sjónvarpsstöðinni Hringbraut hefur árum saman verið viðtalsþáttur sem ber titilinn Mannamál og þar er rætt við konur og karla. Umsjónarmaður þáttarins hefur enn sem komið er þverskallast við kalli tímans og neitar að breyta heitinu og kalla þáttinn Aðilamál eða jafnvel Manneskjumál.

Ekki er ýkja langt síðan lögð var áhersla á að konur væru líka menn. Innan Rauðsokkahreyfingarinnar var þessu fína slagorði haldið mjög á lofti. Eins og frægt er orðið sagði Vigdís Finnbogadóttir, þegar hún bauð sig fram til forseta Íslands að ekki ætti að kjósa hana vegna þess að hún væri kona heldur vegna þess að hún væri maður. Nú er hins vegar ríkjandi hneigð í þá átt að líta svo á að konur séu ekki menn. Þær konur sem telja sig hins vegar enn til manna hljóta að hafa fullan rétt til þess. Sú sem þetta skrifar titlar sig til dæmis sem blaðamann og ætlar ekki að gefa þann titil eftir baráttulaust enda er orðið blaðakona ekki eins hljómfagurt . Hún segir einnig oft: „Manni finnst nú ... maður ætti að ...“, meðan kunningjakona hennar ein, sem því miður er orðin fórnarlamb málfarsrétttrúnaðarins, passar sig vandlega á að segja: „Konu finnst nú ... kona ætti að ...“.

Eflaust er erfitt að snúa við þeirri þróun sem hér er lýst. Uppgjöf er samt ekki í boði, þótt barist sé við ofurefli. Grípa má til ýmissa ráða, eins og þess að sýna þann manndóm að standa á sínu og láta ekki haggast. Meðan þeirri sem þetta skrifar endist líf ætlar hún allavega að halda áfram að vera maður og vera stolt af því – enda er það venjulega hið prýðilegasta hlutskipti. ■

> Nú er hins vegar ríkjandi hneigð í þá átt að líta svo á að konur séu ekki menn.

Halldór

Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Yfirvofandi kynhlutleysi
Umræður um grein Völu Hafstað um „nýlensku“ halda áfram. Á Facebook leggur Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus í íslenskri málfræði, orð í belg. Hann segist skilja vilja margra til að ákveðnar breytingar verði á tungumálinu og hafnar því að þar sé á ferðinni misskilin jafnréttisbarátta. Hann bendir á að tungumálinu sé ekki hægt að breyta en það geti hins vegar breyst. „Ég held að sama hvað við þrætum á Facebook eða í fjölmiðlum, og sama hvað Ríkisútvarpið gerir, muni íslenskan breytast nokkuð hratt í átt til kynhlutleysis á næstu árum.“

Karlmannamálið
Stefán Jökulsson, fyrrverandi lektor í miðlalæsi við HÍ, veltir þessu máli málanna fyrir sér í Facebook-hópnum Fjölmiðlanördar og segir vafasamt að líta svo á að reglur máls dragi úr frjómagni þess og torveldi skapandinotkun þess.“ Hvað sneið Völu til RÚV um geldingu tungumálsins með kynlausri notkun á „mönnum“ hvers konar bendir hann á að rannsóknir sýni „gildi karla ríki einkum á fréttastofum. Vilji fréttakonur breyta þar karllægri slagsíðu skiptir mun meira máli að þær beiti sér fyrir breytingum á fréttamati en breytingum á máli sem hljóma afar illa í eyrum marga.“ ■

Fáránlega góð fjárfesting

Kristrún Frostadóttir
hagfræðingur og í 1. sæti Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi suður

Við sjáum til lands og veiran er á undanhaldi. Það er uppgangur fram undan og hann verður að vera í þágu okkar allra. Samfylkingin kynnti í vikunni sex vinnumarkaðs- og skattatillögur sem miða að því að flýta ráðningum og gera fólki kleift að vinna sig hraðar upp eftir atvinnuleysi. Tillögurnar auka fyrirsjáanleika fyrirtækja og launafólks inn í veturinn, verja afkomuöryggi og draga úr kostnaði vegna atvinnuleysis. 1% atvinnuleysi kostar ríkissjóð 6 milljarða króna á ári og tillögur okkar munu borga sig upp á 1 til 2 árum með aukinni virkni í hagkerfinu og hraðari tekjuvexti.

Ein mikilvægasta aðgerðin sem við viljum að komi til framkvæmda strax í sumar er skattafsláttur fyrir fólk sem snýr aftur til starfa eftir atvinnuleysi. Útfærslan er einföld og felst í því að einstaklingur fær tvöfaldan persónuafslátt í jafn marga mánuði og viðkomandi var atvinnulaus. Um er að ræða virka vinnumarkaðsaðgerð sem gerir fólki kleift að vinna upp tekjufall hraðar og getur skipt sköpum fyrir fjölskyldur sem hafa þurft að ganga á sjóði sína eða safnað skuldum vegna atvinnuleysis. Þetta er góð hagstjórn og dregur úr ójafnaðaráhrifum kórónuáfallsins.

Samhliða þurfum við að styrkja öryggisnetin okkar, skerpa á ráðningarstyrkjum til að auka fyrirsjáanleika yfir vetrartímann og styðja betur við námsmenn og nýútskrifaða til að varðveita fjárfestingu okkar í ungu fólki. Við leggjum einnig til aukinn stuðning við stúdenta og ráðningarstyrk til sex mánaða eftir útskrift úr háskóla eða iðnnámi. Þetta er sú efnahagsstefna sem Samfylkingin vill sjá og upptaktur að nýrri hugsun á sviði efnahagsmála þar sem kostnaður í dag er metinn í samanburði við kostnað í framtíð og glötuð tækifæri. Þetta er nútímahagstjórn í takt við alþjóðlega þróun.

Okkur gengur vel í baráttunni gegn veirunni. Það er skilvirkum sóttvörnum, vísindum, alþjóðasamstarfi og heilbrigðisstarfsfólkinu okkar að þakka – en ekki síst samstöðu almennings. Nú skulum við sigrast á efnahagsáhrifum faraldursins saman. Við erum í dauðafæri. Fjárfestum í fólki, hröðum ráðningum og búum í haginn fyrir betri framtíð. ■

> Nú skulum við sigrast á efnahagsáhrifum faraldursins saman. Við erum í dauðafæri.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Pólitíkin eftir faraldurinn

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Ríkisstjórnin hefur ákveðið opnun samfélagsins í júní og birt síðasta efnahagspakkann vegna Covid-19. Vel má þó vera að við þurfum að lifa með veirunni næstu ár, hugsanlega með reglulegum bólusetningum.

En með þessum tveimur ákvörðunum verða þáttaskil. Þjóðfélagið fellur að mestu í sömu skorður og áður. Tími róttækra sóttvarna og bráðabirgðaráðstafana í efnahagsmálum er þá að baki.

Það þarf því ekki nýjar efnahagsráðstafanir til þess að hagvöxtur verði fljótlega sá sami og fyrir veirukreppuna. Það gerist sjálfkrafa. Og um leið fer atvinnuleysi minnkandi.

Þessi mynd er tiltölulega einföld.

Of þröng staða

Flóknari myndi blasir við þegar horft er á verkefni næstu ára. Pólitíkin ætti að snúast um þá framtíðarsýn en ekki karp um bráðabirgðaráðstafanir liðinna mánaða.

Þó að ferðaþjónustan blómstri á ný getum við ekki lokað augunum fyrir hinu, að svigrúm okkar til að leysa skuldastöðu ríkissjóðs er þrengra en flestra grannríkja vegna verðbólgu, hærri vaxta og gengisáhættu. Samkeppnisstaða Íslands til að byggja upp þekkingariðnað er fyrir sömu sakir þrengri en annarra.

Lítill ágreiningur virðist vera um nauðsyn nýsköpunar í atvinnumálum og mikilvægi ábyrgrar fjármálastjórnar. Vandinn er að finna leið, sem gefur ríkissjóði sama svigrúm og grannlöndin hafa og styrkir samkeppnisstöðu atvinnulífsins.

> Báðum leiðum fylgja kostir og gallar. En minni skerðing á viðskiptafrelsi auðveldar okkur að hlaupa hraðar.

Kaldar staðreyndir

Eftir að ferðaþjónustan nær sér stendur þjóðin andspænis nokkrum köldum staðreyndum:

1. mun meiri verðbólgu en þekkist í flestum vestrænum löndum,
2. miklu hærri vöxtum en í samkeppnislöndunum,
3. yfir þúsund milljarða króna ríkisskuldum vegna veirunnar,
4. allt að fimmtíu milljarða króna skattahækkunum á miðju næsta kjörtímabili samkvæmt fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar,
5. flótta erlendra fjárfesta út úr hagkerfinu vegna vantrausts á gjaldmiðlinum og
6. stórum erlendum lántökum ríkissjóðs, sem færir gengisáhættuna sem hvíldi á erlendum fjárfestum yfir á skattgreiðendur.

Stærstu kosningamálin

Í kosningum eru engin mál undanskilin.

En viðreisn þjóðarbúsins með stefnumörkun til langs tíma er óhjákvæmilega höfuðviðfangsefnið. Á næsta áratug þarf þekkingariðnaður að verða einn af burðarásum gjaldeyrisöflunar.

Seðlabankastjóri setti svo annað stórmál á dagskrá á dögunum. Allra stærsta óleysta mál stjórnmálanna gagnvart hagsmunum stórfyrirtækja snýst um virka eða óvirka þjóðareign auðlinda.

Tvær leiðir

Allir stjórnmálaflokkarnir vilja minnka þörfina á þeim rosalegu skattahækkunum, sem ríkisstjórnin boðar í fjármálaáætluninni. Allir vilja þeir stöðugan gjaldmiðil til þess að auðvelda atvinnulífinu að hlaupa hraðar, verja kjör launafólks og tryggja lægri vexti.

Tvær leiðir eru færar til að ná þessum markmiðum.

Ríkisstjórnin hefur lagt fram frumvörp um gjaldeyrishöft og skerðingu lífeyrisréttinda. Þetta er eina leiðin til að stuðla að stöðugleika krónunnar og ná fram varanlegri lækkun vaxta, ef viðhalda á sjálfstæðum gjaldmiðli án alþjóðlegs samstarfs. Ríkisstjórnin er með þetta á hreinu.

Hin leiðin er tillaga, sem óháðir sérfræðingar settu fram á sínum tíma og Viðreisn hefur nú tekið upp. Hún felst í því að halda krónunni en tryggja stöðugleika með formlegu gjaldmiðlasamstarfi við Evrópusambandið líkt og Danir gera.

Fyrri leiðin varðveitir sjálfstæði okkar í peningamálum en takmarkar frelsi í viðskiptum og leiðir óhjákvæmilega til skerðingar á lífeyrisréttindum. Seinni leiðin takmarkar frelsi í peningamálastjórn en tryggir meira viðskiptafrelsi og kemur í veg fyrir skerðingu á lífeyrisréttindum.

Báðum leiðum fylgja kostir og gallar. En minni skerðing á viðskiptafrelsi auðveldar okkur að hlaupa hraðar.

Lýðræði eða sérhagsmunir

Langstærsta óleysta málið gagnvart hagsmunaöflunum er einkaréttur á nýtingu fiskimiðanna.

Enginn pólitískur ágreiningur er um þjóðareign auðlinda. Lítill ágreiningur er um að einkaréttur er nauðsynlegur til að tryggja hagkvæma nýtingu. Deilan stendur um það hvort þjóðareignin á að vera virk með tímabundnum einkarétti eða óvirk með ótímabundnum einkarétti.

Stærstu sjávarútvegsfyrirtækin vilja ótímabundinn einkarétt.

Í stjórnarskrármálinu hefur Sjálfstæðisflokknum tekist að koma í veg fyrir að samstarfsflokkarnir geti staðið við stefnu sína um tímabindingu. Stjórnarandstaðan er einhuga um tímabindingu að Miðflokknum undanskildum, sem hefur enn ekki tekið afstöðu.

Þetta er spurning um það hvort meirihluti þjóðarinnar eigi að ráða, eða stórfyrirtækin í gegnum stærsta stjórnarflokkinn. ■

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —
Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Hátíð í Hörpu

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
stjórnarformaður Hörpu

Hver sá sem upplifað hefur íslenskan vetur tengir sterkt við gildi sumardagsins fyrsta. Dagur sem var, og er, fullur af von, óbilandi bjartsýni og blæs sjálfstæðri þjóð anda í brjóst. Dagurinn markaði upphaf „hörpu“ samkvæmt gömlu, íslensku tímatali, fyrsta sumarmánaðarins. Okkar Harpa, sú sem nú fagnar 10 ára afmæli, vekur ekki ólík hughrif. Tilkoma hússins vakti von á erfiðum tímum og hefur allt frá opnun fært okkur gleðistundir. Harpa er ofin inn í samfélagsvefinn og fyrir löngu orðin ómissandi partur af samfélagi okkar. Í menningunni felst mennskan. Vísanirnar eru fleiri því öll þekkjum við líka hljóðfærið hörpu, sem nýtur sín vel hvort heldur sem er í einleik eða samspili og skartar allt að 47 ólíkum strengjum sem hver og einn gefur einstakan tón. Þannig er afmælisbarnið, það á marga tóna í hörpu sinni. Þar kemur þjóðin saman og því sannarlega við hæfi að nafngiftin skuli vísa til íslenskrar náttúru, samfélags okkar og menningar.

Harpa er allt í senn heimavöllur og heimssvið innlendra og erlendra listamanna. Hlutverkið er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur og ávallt er leiðarljósið að vera á heimsmælikvarða. Víst er það metnaðarfullt markmið en framkvæmanlegt, það hoppar jú enginn hærra en hann hugsar.

Forsaga Hörpu spannar langan tíma en að því er ég best veit birtist fyrsta áskorunin um byggingu tónlistarhúss í blaðinu Þjóðólfi árið 1881. Það þarf sterk bein og sannfæringu til að taka ákvörðun um jafn umfangsmikla framkvæmd og bygging Hörpu var á sínum tíma. Sömuleiðis var mikil blessun að framkvæmdin var ekki sett á ís þegar þrengdi að í íslensku samfélagi í kjölfar kreppunnar 2008. Sögnin sem í því fólst að halda verkinu áfram var mikilvæg fyrir þróun borgarinnar en ákvörðunin var ekki síður lýsandi fyrir það samfélag sem við ætlum okkur að skapa. Samfélag þar sem menning er sjálfsagður hluti af daglegu lífi. Á 10 ára afmæli Hörpu stöndum við svo á ný frammi fyrir krefjandi aðstæðum og aftur reynir á framsýni og skilning eigenda.

Stjórnmálaleiðtogar víða um heim hafa í gegnum árin tekið afstöðu með menningunni, ekki síst þegar kreppir að. Þekktust eru sennilega ummæli breska forsætisráðherrans Winstons Churchill sem tók ákvörðun um aukin framlög til menningar og lista á krefjandi tímum þegar þjóðin stóð í stríði. Gagnrýni á þessa ákvörðun svaraði hann með þekktri spurningu: „Fyrir hverju erum við þá að berjast?“ Á sama tíma börðust íslenskir stjórnmálamenn fyrir því að fá handritin heim og því að Þjóðleikhús opnaði en hvort tveggja var ómetanlegt fyrir sjálfsmynd og sjálfstæði þjóðarinnar. Það er mikil gæfa að framsýnir íslenskir stjórnmálamenn taki afstöðu með menningu og listum.

Í Hörpu felast ótrúleg tækifæri til verðmætasköpunar fyrir íslenskt samfélag. Verðmætin sem Harpa skapar eru ekki öll sýnileg í ársreikningi félagsins, þau eru hins vegar mikilvæg forsenda fyrir árangri á ýmsum öðrum sviðum samfélagsins, að ekki sé minnst á bætt lífsgæði þeirra sem njóta. Íbúar Hörpu eru margir og ekki er annað hægt en að fyllast aðdáun þegar horft er til þess hvernig Sinfóníuhljómsveit Íslands, Óperan, Stórsveit Reykjavíkur og fleiri hafa blómstrað með tilkomu langþráðs tónlistarhúss. Með sama hætti hefur Harpa verið ferðaþjónustunni og atvinnulífinu öllu mikilvægur samstarfsaðili í þróun viðburða, móttöku ferðamanna og fleiri verkefnum.

Það er full ástæða til að horfa björtum augum til framtíðarinnar. Hlutverk Hörpu er mikilvægt í verkefnum næstu missera – í viðspyrnu og forystu sem litríkur vettvangur mannlífs. Menningin sameinar þjóðina, enda er listin órjúfanlegur hluti af sjálfsmynd okkar. Hvað er sjálfstæð þjóð án menningar? Við sjáum fyrir endann á þeim miklu takmörkunum sem litað hafa líf okkar síðustu misseri. Það er tilhlökkunarefni að á menningarnótt verður tíu ára afmælinu fagnað um leið og starfsemi hússins kemst aftur í takt. Þá verður hátíð í höfuðborginni, hátíð okkar allra. Megi Harpa hljóma fagurlega um ókomna tíð. ■

> Þegar búið er að dæla olíunni af skipinu og meta stöðuna af köfurum þá verða teknar ákvarðanir um framhaldið.

OLÍS-DEILDIN

ÚRSLITIN NÁLGAST

VALUR ÍBV HAUKAR STJARNAN

Fimmtudaginn	13. maí	13:30	Vestmannaeyjar	ÍBV - Stjarnan
Fimmtudaginn	13. maí	15:00	Origo-höllin	Valur - Haukur
Sunnudaginn	16. maí	13:30	TM Höllin	Stjarnan - ÍBV
Sunnudaginn	16. maí	19:30	Ásvellir	Haukar - Valur
Þriðjudaginn	18. maí	18:00	Vestmannaeyjar	ÍBV - Stjarnan
Þriðjudaginn	18. maí	19:40	Origo-höllin	Valur - Haukar

MÆTUM Á VÖLLINN OG STYÐJUM OKKAR LIÐ

#Olísdeildin

Tímabilinu er lokið hjá fyrirliða Liverpool. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tímabilinu lokið hjá Henderson

hjorvaro@frettabladid.is

ENSKI BOLTINN Jordan Henderson, fyrirliði karlaliðs Liverpool í knattspyrnu, leikur ekki meira með liðinu á yfirstandandi leiktíð.

Þetta staðfesti Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Liverpool, en liðið mætir Manchester United í 36. umferð ensku úrvalsdeildarinnar í kvöld.

Henderson hefur verið að glíma við nárameiðsli síðan í lok febrúar en vonast var til þess að hann gæti náð lokaspretti deildarinnar, en nú er ljóst að svo verður ekki.

Henderson er að ljúka tíunda tímabili sínu hjá Liverpool en hefur aldrei náð að leika alla 38 leikina.

Þá tilkynnti Virgil van Dijk, varnarmaður Liverpool, í gær að hann myndi ekki spila með hollenska landsliðinu í lokakeppni EM í sumar, en hann sleit krossband í upphafi leiktíðarinnar.

Hjá Manchester United er svo Harry Maguire fjarri góðu gamni en hann er í kapphlaupi við tímann að ná úrslitaleik Evrópudeildarinnar þar sem Manchester United mætir Villareal í lok þessa mánaðar.

Aukin öryggisgæsla verður á Old Trafford í kvöld en um er að ræða frestaðan leik sem ekki gat farið fram fyrr í þessum mánuði vegna mótmæla stuðningsmanna Manchester United sem beinast að eigendum félagsins. ■

Líkt og nágrannarnir og erkifjendurnir í KA, þurfa Þórsarar að finna sér nýtt heimili í fyrstu leikjum tímabilsins enda völlurinn ekki klár. MYND/AÐSEND

Bærinn verður að ranka við sér

Framkvæmdastjóri Þórs, segir að íþróttasvæði félagsins anni ekki lengur eftirspurn félagsins. Þórsarar hafa dregið sig úr samstarfi um fyrirhugaðar framkvæmdir á íþróttamannvirkjum í Akureyrarbæ.

hjorvaro@frettabladid.is

AÐSTÖÐUMÁL Nú þegar boltinn er farinn að rúlla í Íslandsmótum karla og kvenna í knattspyrnu eru báðir aðalvellir Akureyrarliðanna Þórs/KA og KA óleikhæfir í upphafi leiktíðar.

Af þeim sökum spilaði kvennalið Þórs/KA sinn fyrsta heimaleik inni í Boganum í vikunni og í gærkvöldi tók karlalið KA á móti Leikni á Dalvík í sínum fyrsta heimaleik.

Reimar Helgason, framkvæmdastjóri Þórs, segir aðstöðuvandann vera mikinn hjá Þór og fyrrnefnt dæmi sé hluti þess vanda sem sé hins vegar víðtækari.

Þá segir Reimar að Þórsarar hafi sagt sig frá starfi þeirrar þverpólitísku nefndar sem teiknaði upp framtíðaráform um byggingar íþróttamannvirkja á Akureyri. Þar hafi ekki verið hlustað nóg á kröfur Þórs og skipulagið geri ekki ráð fyrir að bregðast við því magni af íbúðum sem fyrirhugað er að byggja á svæðinu í kringum Þórssvæðið.

„Það er að okkar mati hneisa að Þór/KA hafi þurft að spila sinn fyrsta heimaleik inni í Boganum, en aðalvöllurinn, sem er flottur yfir hásumarið, er ekki klár á þessum árstíma.

Þórsvöllur verður líklega ekki klár fyrr en í lok maí þó að það sé hiti undir vellinum og vökvakerfi. Af þeim sökum spilar karlaliðið einnig sinn fyrsta heimaleik inni í Boganum," segir Reimar.

„Þá bráðvantar okkur almennilegt íþróttahús á Þórssvæðið til þess að geta annað eftirspurn fyrir iðkendur okkar í handbolta og körfubolta.

Aðstaðan í Glerárskóla og Síðuskóla er óboðleg og nánast hættuleg. Til þess að bæta æfingaaðstöðuna fyrir fótboltann vantar svo gervigras utanhúss og þá er bagalegt að við séum að fá undanþágu þar sem ekki er þak á stúkunni á Þórsvellinum," segir hann .

Skortir samræmi í áformum

„Það er þyngra en tárum taki að senda börnin okkar inn í Bogann að æfa yfir hásumarið af því að æfingaaðstaðan utanhúss er löngu sprungin og grassvæðin okkar ekki nógu góð.

Það er að okkar mati hneisa að Þór/KA hafi þurft að spila sinn fyrsta heimaleik inni í boganum, en aðalvöllurinn, sem er flottur yfir hásumarið, er ekki klár á þessum tíma.

Reimar Helgason, framkvæmdastjóri Þórs.

Það gefur augaleið að við getum ekki annað þeirri eftirspurn sem mun koma með þeim nýju byggingum sem eru á núverandi deiliskipulagi. Við viljum ekki lenda í því sama og KA-menn, það er að byggt sé í kringum okkur og svo farið að velta vöngum yfir uppbyggingu á íþróttamannvirkjum," segir framkvæmdastjórinn.

Drógu sig út úr nefndarstarfinu

„Þar sem okkur fannst ekki hlustað nóg á okkar kröfur í þeirri þverpólitísku nefnd sem sett var á laggirnar til þess að meta þörfina á íþróttamannvirkjum í bænum, þá ákváðum við að segja okkur úr því samstarfi. Þar var gert ráð fyrir að næsta uppbygging á íþróttamannvirkjum á Þórssvæðinu færi í framkvæmd eftir tæpan áratug.

Við getum ekki beðið svo lengi og höfum við hafið okkar eigin vinnu við að búa til okkar eigin hugmyndir um deiliskipulag á svæðinu okkar. Svo munum við kanna pólitískan vilja til þess að hrinda þeim áformum í framkvæmd. Þar erum við að tala um heildarskipulag fyrir bæði okkar íþróttastarfsemi sem og lýðheilsustarfsemi fyrir fólk á öllum aldri.

Þegar við sjáum aðstöðuna hjá liðum fyrir sunnan þá sjáum við að þar er uppbygging á íþróttasvæðum gerð með meiri metnaði og fagmennsku en hér fyrir norðan," segir hann um næstu skref Þórsara í málinu. ■

Gomes getur orðið einn sá besti í heiminum innan fárra ára

hjorvaro@frettabladid.is

HANDBOLTI Guðmundur Þórður Guðmundsson, þjálfari karlaliðs Melsungen í handbolta, hefur þétt raðir liðsins töluvert fyrir næsta keppnistímabil. Guðmundur Þórður mun fá í sínar herbúðir Elvar Örn Jónsson frá Skjern, Alexander Petersson frá Flensburg og André Gomes frá Porto.

„Við erum bæði að fá aukna breidd í útilínuna okkar í sóknarleiknum og svo eru þetta allir þrír leikmenn sem geta spilað bæði vörn og sókn. Við höfum átt í vandræðum með að spila af fullum krafti allan leikinn á yfirstandandi leiktíð þar sem við erum frekar þunnskipaðir.

Ég myndi segja að ég væri með Melsungen liðið í sömu vegferð og Löwen á sínum tíma. Planið er að koma liðinu í fremstu röð og ég hef fulla trú á því að það takist.

Þá erum við ekki með nægilega marga leikmenn sem hafa þann eiginleika að geta spilað bæði sókn og vörn," segir Guðmundur Þórður, um liðsaukann sem hann er að fá næstkomandi sumar.

„Þessir leikmenn hafa allir fengið skýrt hlutverk sem þeir eru sáttir við. Elvar Örn getur leyst skyttustöðuna og miðjustöðuna í sóknarleiknum og í raun allar stöður í varnarleiknum. Alexander er svo ætlað að vera Kai Häfner til halds og trausts í skyttustöðunni hægra megin auk þess að vera frábær varnarmaður," segir Guðmundur enn fremur.

„Ég er svo mjög spenntur að vinna með André Gomes sem ég tel að geti

Guðmundur á hliðarlínunni.

orðið einn af bestu leikmönnum heims eftir nokkur ár. Þarna er á ferðinni mjög spennandi vinstri skytta sem er sterkur í leikstöðunni maður á móti manni í sóknarleiknum auk þess að geta skorað með skotum úr uppstökki.

Við fáum svo króatíska landsliðsmanninn Ivan Martinovic til liðs við okkur sumarið 2022 og ég býst við frekari breytingum á leikmannahópnum í sumar.

Ég myndi segja að ég væri með Melsungen-liðið í sömu vegferð og Löwen á sínum tíma. Planið er að koma liðinu í fremstu röð og ég hef fulla trú á því að að það takist," segir þjálfarinn, sem er með samning við Melsungen út þessa leiktíð og þá næstu.

„Eins og staðan er núna sé ég fram á að vera hér næstu árin og leiða framtíðaruppbyggingu liðsins. Maður hefur hins vegar lært það í þessum bransa að það þýðir lítið að skipuleggja of langt fram í tímann," segir hann um framhaldið. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGABLAÐ

FIMMTUDAGUR 13. maí 2021

Svona lítur hann út, svarthöfða snigillinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Svarthöfða sniglar fjölga sér í Svíþjóð

elin@frettabladid.is

Framandi, svarthöfða sniglar hafa verið að fjölga sér mikið í Svíþjóð og nágrannarnir í Noregi óttast að þeir berist þangað líka. Sniglarnir uppgötvuðust fyrst í Svíþjóð árið 2019.

Nú hafa svarthöfða sniglarnir sem eru skaðræðisdýr fundist á 40 stöðum um landið. Hjón í Virsbo uppgötvuðu um daginn að garðurinn þeirra væri fullur af þessari tegund snigla en þeir koma upphaflega frá Kákasus.

Sniglarnir hafa síðan fundist í Vestur-Rússlandi, Þýskalandi, Úkraínu, Lettlandi og Finnlandi.

Sniglarnir fjölga sér mjög hratt. Á litlu svæði í Virsbo í Svíþjóð hafa fundist um 100 þúsund sniglar. Mest eru þeir í einkagörðum og geta haft mjög skaðleg áhrif.

Loftslagsbreyting ástæðan

Sniglafræðingar við Náttúrugripasafnið í Gautaborg kortleggja nú útbreiðsluna í Svíþjóð og er fólk beðið að láta vita ef þeir finnast. „Við verðum að vita eins mikið og mögulegt er um þessa tegund þar sem hún er greinilega mjög ágeng," segir sniglafræðingurinn Ted von Proschwitz í grein sem birtist hjá safninu. „Við þurfum að vita meira um hvenær egg þeirra klekjast út og hversu hraður vöxturinn er. Sniglarnir heita réttu nafni Krynickillus melanocephalus.

Talið er að hlýnandi loftslag hafi áhrif á að sniglarnir flytji sig um set. ■



Sirrý Arnardóttir hefur notað Smoother Skin & Hair frá Eylíf í rúmlega ár og segist aldrei hafa upplifað eins mikið jafnvægi í húðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Auðlindir sjávar fyrir húð og hár

Sirrý Arnardóttir kynntist Smoother Hair & Skin vörunum frá íslenska frumkvöðlafyrirtækinu Eylíf fyrir um ári síðan og segir að húðin og hárið hafi aldrei verið í betra jafnvægi. 2

Sirrý er sannfærð um að Ísland eigi að leggja metnað í að rækta grænmeti og bera virðingu fyrir auðlindum hafsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bætiefnið Smoother Skin & Hair frá Eylíf inniheldur þrjú íslensk næringarefni með margra ára rannsóknir að baki og sýna niðurstöður fram á virkni fyrir húð og hár.

Sirrý þekkja flestir sem fyrrverandi fjölmiðlakonu og í dag starfar hún sem stjórnendaþjálfari og fyrirlesari. „Ég er með vinnuaðstöðu í Sjávarklasanum á Granda þar sem margir áhugaverðir frumkvöðlar vinna að nýsköpun og framleiða spennandi vörur úr hafinu. Það var þar sem ég kynntist bætiefnunum frá Eylíf," segir Sirrý Arnardóttir.

Heilbrigðið byggir á fæðunni

Sirrý segist hafa verið spennt að prófa Smoother Skin & Hair frá Eylíf þegar hún heyrði af vörunni. „Ég hef alltaf borðað mjög hollan og næringarríkan mat enda er ég sannfærð um að það sem maður setur ofan í sig hefur gríðarleg áhrif á okkar ytra byrði. Ég rækta mitt eigið grænmeti, lifi heilbrigðu líferni og hreyfi mig reglulega og hef alltaf verið með heilbrigt hár. Heilbrigði hársins byggir ekki á því sem gerist á hárgreiðslustofunni eða þeim efnum sem sett eru í það eftir á. Heilbrigt hár byggir á fæðunni og því sem við setjum ofan í okkur."

Hætt að þurfa krem

Eftir að Sirrý byrjaði að taka inn Smoother Skin & Hair frá Eylíf hefur hún aldrei verið betri í húðinni og hárið er enn heilbrigðara. „Ég er alveg hætt að finna fyrir hárlosi og fólk tók strax eftir því að hárið virkaði enn heilbrigðara en áður. Húðin varð að sama skapi mun mýkri og jafnari. Eðlilega fæ ég lífslínur í kringum augun eftir því sem árunum fjölgar, en mér finnst ótrúlegt að núna þegar ég er komin á miðjan aldur, þá er ég farin að mála mig miklu minna og þarf mun minna af förðunarvörum en áður. Ég er líka eiginlega hætt að nota öll krem, fyrir utan sólarvörn. Ég þarf þau einfaldlega ekki.

Áður fann ég að húðin breyttist mikið eftir veðri, vindum og árstíðum. Stundum var húðin feit á einum stað og þurr á öðrum. Með því að taka inn Smoother Skin & Hair er húðin í andlitinu og líkamanum í fullkomnu jafnvægi allt árið um kring. Því þó maður borði hollt og stundi heilbrigt líferni þá búum við á eyju þar sem er myrkur stóran hluta af árinu. Hér eru tíðar veðurbreytingar, ekki bara á milli árstíða heldur á milli daga, svo er mikil sveifla í hita- og rakastigi sem umbreytist enn örar í skammdeginu. Til að sporna gegn þessum utanaðkomandi áhrifum er nauðsynlegt fyrir okkur að næra húðina innan frá, taka inn olíur og bætiefni eins og Smoother Skin & Hair frá Eylíf."

Dýpstu verðmætin úr hafinu

Sirrý trúir því að líkamleg og andleg framtíð þjóðarinnar sé háð því hvernig við komum fram við auðlindir hafsins. „Í hafinu er að finna okkar dýpstu verðmæti og meðal annars ýmislegt fyrir útlit og heilsu. Ég er mjög stolt af því sem Eylíf er að gera sem og aðrir frumkvöðlar í Sjávarklasanum, það er að nota auðlindir hafsins. Þetta er nákvæmlega það sem við Íslendingar eigum að gera. Við eigum að leggja metnað okkar í að rækta eigið grænmeti og við eigum að einblína á og nýta auðlindir hafsins og vinna úr þeim. Fyrir utan það að líða betur líkamlega, þá líður mér líka mun betur í sálinni að nota íslensk bætiefni sem ég veit hvaðan koma."

Inniheldur:

- Kollagen
- Smáþörunga (Astaxanthin)
- GeoSilica
- Vítamín A, B2, B6, C, D3
- Bíótín
- Níasín
- Kopar
- Sink
- Joð
- Selen
- Magnesíum

Hár og húð í extra góðu standi

Bætiefnið Smoother Skin & Hair frá Eylíf, styður við heilbrigði húðar og hárs með íslenskum, náttúrulegum hráefnum. Það hefur auk þess góð áhrif á orkubúskapinn og meltinguna. „Ég ætla svo sannarlega að halda áfram að taka þessa snilldarvöru sem Smoother Skin & Hair frá Eylíf er," segir Jóhanna Björnsdóttir. „Eftir að ég fór að taka inn Smoother Skin & Hair fór ég að finna miklar breytingar á bæði hári og nöglum, ásamt því að vera orkumeiri allan daginn. Staðfestingu fékk ég svo frá klipparanum mínum til margra ára, um að hárið mitt væri í extra góðu standi."

Jóhanna Björnsdóttir fann fljótt mun á hári sínu og húð með Smoother Skin & Hair.

Það besta úr náttúrunni

Bætiefnið Smoother Skin & Hair frá Eylíf inniheldur þrjú íslensk næringarefni með margra ára rannsóknir að baki og sýna niðurstöður fram á virkni fyrir húð og hár. Smoother Skin & Hair styður við heilbrigði húðar og hárs með góðum og uppbyggjandi undirstöðuefnum. Efnin sem valin eru í blönduna næra húðina og hárið innan frá, auka raka og viðhalda heilbrigðum eiginleikum. Að auki njóta melting og liðir góðs af sömu uppbyggjandi næringarefnum, ásamt orkubúskapnum.

Íslenskt, hreint og gott

Active Joints og Smoother Skin & Hair frá Eylíf eru unnin úr hreinum íslenskum hráefnum og fer framleiðsla bætiefnanna fram á Íslandi. Margra ára staðfestar rannsóknir liggja að baki öllum hráefnum. Hjá Eylíf er vandað til verka og sótt í sjálfbærar auðlindir úr sjó og landi. Einungis íslenskar náttúruafurðir og hrein hráefni sem ekki eru erfðabreytt eru notuð í bætiefnin.

Bætiefnalínan frá Eylíf samanstendur af Happier Guts, Active Joints, Stronger Bones og Smoother Skin & Hair. MYND/AÐSEND

Heilsan er dýrmætust

Vörulínan Eylíf býður upp á fjórar frábærar heilsuvörur sem reynst hafa fólki vel. Þær eru Active Joints, Stronger Bones, Smoother Skin & Hair og nýjasta varan Happier Guts. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi úr hreinum, íslenskum hráefnum og engum aukefnum er bætt við. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi Eylíf.

„Hugmyndin að vörulínunni kom til vegna þess að mig langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem framleidd eru á Íslandi á sjálfbæran hátt úr íslenskum, náttúrulegum auðlindum og auka þannig aðgengi fólks að þessum hráefnum," upplýsir Ólöf.

Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís. „Vinsælasta varan okkar er Active Joints sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og sýna margra ára rannsóknir fram á jákvæð áhrif þeirra," segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka, sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi, og notum hreina, íslenska náttúruafurð og hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum."

Hráefni sem notuð eru í bætiefnin frá Eylíf eru ekki erfðabreytt. „Þau stuðla að heilbrigði og sveigjanlegri líkama því þá erum við færari um að takast á við verkefnin í dagsins önn. Við vitum öll að heilsan er okkur dýrmætust og því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsufarsvandamál. Heilbrigð melting er grunnur að góðri heilsu og þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna," segir Ólöf Rún. ■

> **Ég er líka eiginlega hætt að nota öll krem, fyrir utan sólarvörn. Ég þarf þau einfaldlega ekki.**
>
> Sirrý Arnardóttir

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Fjarðarkaupum, Hagkaup, Nettó, Heilsuhúsinu og Melabúðinni. Ókeypis heimsending ef keypt er á eylif.is.

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

*Klínísk stigagjöf, 40 konur, strax eftir notkun einu sinni.

NÝTT ADVANCED GÉNIFIQUE YEUX

AUGNKREM FYRIR UNGLEGRA & BJARTARA AUGNSVÆÐI

AUGNKREM MEÐ PRE- & PROBIOTIC GÓÐGERLUM, HÝALÚRONSÝRU OG CG VÍTAMÍNI SEM EYKUR FRUMUENDURNÝJUN OG GEFUR BJARTARA OG SKARPARA AUGNSVÆÐI.

LANCÔME KYNNING

Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI OG GLERÁRTORGI FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS 13. - 16. MAÍ.

Hydra Zen
Génifique serum 7 ml
Hydra Zen krem 15 ml
Bi-Facil augnfarðahreinsir 30 ml
Micellaire Doucer hreinsir 50 ml
Tonique Doucer andlitsvatn 50 ml

VELDU ÞINN KAUPAUKA

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Lancôme vörur fyrir 9.500 kr eða meira á meðan birgðir endast.

Rénergie Multi-Lift
Génifique serum 7 ml
Rénergie Multi-Lift augnkrem 3 ml
Rénergie Multi-Lift krem 15 ml
Rénergie Multi-Lift næturkrem 15 ml
Bi-Facil Visage andlitshreinsir 75 ml

LANCÔME 20% AFSLÁTTUR

Lyf&heilsa

Léttir og flæðandi sumarkjólar

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Eftir langan vetur er þjóðfélagið loks farið að vakna aftur til lífsins samhliða hækkandi sól og minnkandi samkomutakmörkunum. Þrátt fyrir að ekki sé ýkja hlýtt í veðri eru léttir sumarkjólar að verða algeng sjón á götum úti.

Samkvæmt erlendum tískumiðlum verða léttir, flæðandi kjólar vinsælir í sumar. Mikið er um millisíða og skósíða kjóla með léttum púffermum. Blómamynstur kemur líka sterkt inn í sumar enda er fátt sumarlegra en litrík og falleg blóm.

Kosturinn við létta, flæðandi og síða sumarkjóla er að þeir eru álíka þægilegir og joggingalli. Þrengja hvergi að og það er auðvelt að henda sér í þá. Tískuspekúlantar úti í heimi velta því fyrir sér hvort þessi létti og lausi stíll sé tilkominn vegna þess hve margt fólk er orðið vant því að vinna heima og þá gjarnan í mun þægilegri fötum en það hefði mætt í á vinnustaðinn. Tískuhönnuðir virðast í það minnsta hafa orðið fyrir áhrifum af heimsfaraldrinum á þann hátt að áhersla virðist vera á skemmtileg smáatriði á öxlum kjólanna sem sést hafa í vor. En það er einmitt sá hluti fatnaðarins sem sést á Zoom-fundum, sem hafa sannarlega slegið í gegn af góðri ástæðu.

Fallegir sumarkjólar eru vinsælir hér á Íslandi líkt og annars staðar þrátt fyrir að veðrið hér bjóði ekki oft upp á að þeir séu notaðir einir sér. Það er alltaf hægt að klæðast hlýrri peysu yfir og mjúkum hlýjum sokkabuxum undir og lengja þannig þann tíma sem hægt er að nota sumarkjóla.

Anna Wolfers í bláum, millisíðum kjól með púffermum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Anna Kristín Magnúsdóttir, eigandi verslunarinnar Kjólar og konfekt á Laugaveginum, segir að líkt og erlendis verði blómamynstur allsráðandi í sumar.

„Það góða við það er að fallegir blómakjólar fara aldrei úr tísku. Það er mikið um síðkjóla og þá einmitt sérstaklega með púffermum. Púffermar eru mikið á kjólunum hvort sem það eru síðir eða styttri og ég er að elska það," segir hún.

Anna Kristín segir flæðandi pils á kjólunum einnig koma sterk inn.

„Vafningskjólar eru heitir í sumar og eru þeir líka nýttir yfir buxur með því að binda þá auslega að framan. Einlitir, sterkir litir eru mikið í gangi og svo er kántrítískan sem kemur inn með krafti í haust, byrjuð að stinga niður fæti. Lausu mussukjólarnir eru sem betur fer að detta hægt og rólega út, þó svo að þeir verði alltaf eitthvað í gangi," segir hún.

> **Annars segi ég alltaf að tískustraumar séu alltaf þinn eigin stíll og hvað fer þér vel í stað þess að fylgja einhverjum straumum. Þetta fer jú allt í hringi hvort eð er.**

„Annars segi ég alltaf að tískustraumar séu alltaf þinn eigin stíll og hvað fer þér vel í stað þess að fylgja einhverjum straumum. Þetta fer jú allt í hringi hvort eð er. En það er mjög gaman að fylgjast með straumum og hafa til hliðsjónar." ■

Anna Kristín Magnúsdóttir, eigandi verslunarinnar Kjólar og konfekt

Anna Wolfers er hér í rauðum, lausum blómakjól.

Emilie Joseph í svörtum, stuttum kjól með púffermum.

Blómakjólar með púffermum verða vinsælir í sumar.

EYMSLI, STIRÐLEIKI EÐA BRAK Í LIÐUM?
Mest selda liðbætiefni á Íslandi
2-3ja mánaða skammtur í hverju glasi

SÆBJÚGNAHYLKI +D3 FYRIR HEILSUNA
Arctic Star sæbjúgnahylki+D3 innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum og eru þekkt fyrir:
Arctic Star

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húð- próteins og insúlíns
- Stuðla að eðlilegri upptöku kalsíums og fosfórs
- Stuðla að viðhaldi beina, tanna og vöðva
- Stuðla að bættri starfsemi ónæmiskerfisins
- D-vítamín hefur hlutverki að gegna við frumuskiptingu.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,
Framleiðandi er Arctic Star ehf.
Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is
Arctic Star Sæbjúgnahylki +D3
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, og Fjarðakaup.
info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618

FRÉTTABLAÐIÐ

Garðar og hellulagnir

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 13. maí 2021

Helgi B. Ásgeirsson er framkvæmdastjóri Garðaþjónustu Kópavogs sem tekur að sér stóru verkin í garðvinnunni, svo sem hellulagnir, pallasmíði og hvers kyns garðyrkju. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gera garða að sælureitum sumarsins

Helgi Bersir Ásgeirsson hjá Garðaþjónustu Kópavogs segir alveg ljóst að landsmenn vilji gera garðinn sinn fínan fyrir sumarið og eignast þar unaðsreit með pottum, stéttum, gufubaði og sólpöllum fyrir íslenska sumarsól. 2

„Það heitasta í garðtískunni í sumar eru sólpallar og heitir pottar. Það er greinilegt að fólk er að setja Spánarpeninginn sinn í framkvæmdir í garðinum og vill fjárfesta í íslenskri sumarsól þegar það kemst ekki til sólarlanda. Það er auðvitað vel til fundið og góð fjárfesting því garðurinn stendur áfram þegar heimsfaraldrinum linnir. Íslendingar eru í miklum framkvæmdahug og vilja skapa sér æðislegan sælureit í garðinum til að njóta íslenska sumarsins í botn," segir Helgi Bersir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Garðaþjónustu Kópavogs.

Hann hefur í nógu að snúast þessa dagana með tuttugu manna teymi af þrautreyndu iðnaðarfólki.

„Við erum með framúrskarandi mannskap af traustum fagmönnum sem samanstendur af smiðum, múrurum, pípulagningarmönnum, vélamönnum, og vitaskuld stór og góð vinnutæki sem henta vel í öll verk sem vinna þarf í garðinum," greinir Helgi frá.

„Okkar aðalsmerki er að taka stór verkefni og klára þau á vandaðan hátt á stuttum tíma. Við erum snarir í snúningum og vanar hendur vinna vel, auk þess sem tíu ára ábyrgð fylgir öllu sem við gerum," segir Helgi.

Hjá Garðaþjónustu Kópavogs starfa úrvals iðnaðarmenn á öllum sviðum og segir Helgi fyrirtækið kappkosta að vinna verkin hratt og vel. Hér má sjá framkvæmdir við garð í mótun; pallasmíði, hellulögn og jarðvegsvinnu við einbýlishús í Kópavogi. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

Taka upp heilu garðana

Garðaþjónusta Kópavogs var stofnuð vorið 2011 og fagnar nú tíu ára afmæli. Hún tekur að sér öll verk í garðinum frá A til Ö, allt frá jarðvegsskiptum yfir í hvers kyns jarðvinnu og smíðavinnu.

„Fyrsta árið vorum við bara að klippa tré, slá garðbletti og reyta arfa, en strax annað árið fórum við að taka að okkur lítil verkefni sem tengjast hellulögnum og smíðavinnu, og smám saman urðu verkefnin stærri og meiri," upplýsir Helgi.

Stundum þarf að taka upp heilu garðana og skipta öllu út.

„Þá mætum við með stór tæki og keðjusagir, fellum tré og rústum öllu í burtu, og byrjum svo upp á nýtt með nýjum jarðvegi og öllu því sem óskað er eftir."

Garðaþjónusta Kópavogs hefur minna sinnt hefðbundinni garðvinnu undanfarin ár en hyggst taka upp þráðinn næsta sumar og bjóða stóraukna þjónustu í garðumhirðu, svo sem garðslátt, hreinsun beða og gróðursetningu blóma.

„Í dag erum við langmest í stórum garðverkum fyrir einkaaðila, svo sem lóðafrágangi og jarð- og lóðavinnu. Við erum líka feiknasterkir í hellulögn, steyptum bílaplönum og pallasmíði, sem og steyptum og hlöðnum veggjum," upplýsir Helgi.

Garðaþjónusta Kópavogs sinnir hvers kyns smíðavinnu í garðinum, hvort sem það eru sólpallar, tréverk í kringum heita potta, smíði gufubaðs eða annað. **MYNDIR/AÐSENDAR**

Aðalsmerki Garðaþjónustu Kópavogs eru fumlaus og vönduð vinnubrögð, hvort sem það er vinna við tréverk, hleðslur eða steypu.

Gera stór og smá garðverk

Þótt Garðaþjónusta Kópavogs beri nafn sveitarfélagsins Kópavogs tekur hún að sér stór og smá verkefni á öllu höfuðborgarsvæðinu og víðar, ef með þarf.

„Í heimsfaraldrinum hefur orðið algjör sprenging í pallasmíði og landsmenn eru í miklum framkvæmdahug. Heitir pottar seljast eins og heitar lummur og þegar fólk hefur keypt draumapottinn sinn mætum við á staðinn og komum öllu í kring, setjum frárennsli fyrir pottinn og tengjum hann við rennandi vatn ásamt því að smíða í kringum hann og allt tilheyrandi. Víð smíðum líka fleira en sólpalla og utan um heita potta; allt frá skjólveggjum upp í gufuböð, sem verða sívinsælli í sælureiti íslenskra garða," segir Helgi.

Í Garðaþjónustunni vinnur hann með húseigendum og að hugmyndum þeirra um framkvæmdir og heildarútlit garða.

„Við erum hins vegar ekkert í því að hanna eða teikna upp heildarútlit garða, en við getum komið með góðar hugmyndir og vinnum að sjálfsögðu eftir teikningum garðhönnuða."

Garðaþjónusta Kópavogs vinnur þannig oft að garðútfærslum við nýbyggingar.

„Þar steypum við bílaplön, plöntum trjám, þökuleggjum, gerum blómabeð, matjurtagarða og hvaðeina sem þarf," lýsir Helgi.

Hækkar aldrei tilboðin

Helgi er sæll í sínu starfi.

„Útivinnan er yndisleg og gaman að eiga dagana úti undir berum himni og í sumarblíðu. Ég fann strax fyrsta sumarið í garðvinnunni að ég var á réttri hillu. Mér fannst ég hafa himin höndum tekið að geta unnið úti í sumarsól, hálfur ofan í beðinu og umlukinn ljúfri angan af nýslegnu grasi," rifjar Helgi upp, sællar minningar, en nú er hann meira við verkefnastjórnvölinn.

„Verðlaunin í starfinu eru að sjá fegurðina spretta upp úr engu, sérstaklega þegar garðar eru í niðurníðslu og maður sópar öllu í burtu til að skapa nýjan og fegurri garð í staðinn. Launin eru líka ánægðir viðskiptavinir. Við búum að mjög góðu orðspori með vinnu okkar og þjónustu og fáum mikið af verkefnum í gegnum orðspor og velvilja. Fólk er ánægt með vinnubrögð okkar og ég hef alltaf gætt þess að hækka ekki umsamið verð þótt vinnan verði meiri. Ég hef alveg lent í því að gera slæm tilboð en set alltaf heiðarleikann í fyrsta sæti. Ég veit sem er að þótt ég tapi á verkefninu núna mun ég græða á því til lengdar." ■

Til að fá Garðaþjónustu Kópavogs í verkin er hægt að hringja í síma 859 7090, senda tölvupóst á netfangið gtk@gtk.is og senda skilaboð á Facebook, undir nafni Garðaþjónustu Kópavogs.

Steypt bílaplön eru algeng verkefni hjá Garðaþjónustu Kópavogs og í vor og fyrrasumar varð sprenging í uppsetningu heitra potta. Öll vinna við heita potta er í höndum Garðaþjónustunnar, bæði sem viðkemur pípulögnum og smíðavinnu.

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

VELJUM ÍSLENSKT

Njótum garðsins í sumar

Nú er rétti tíminn til að fegra umhverfið svo þú getir notið þín með fjölskyldunni í fallegum garði í sumar.
Við bjóðum landsins mesta úrval af hellum og hleðslusteinum fyrir veröndina, garðinn og innkeyrsluna.

Skoðaðu úrvalið á **bmvalla.is**

GÆÐAKERFI VOTTAÐ ÍST ISO 9001 SH MILLJÓN

bmvalla.is
Stöndum vörð um íslenska framleiðslu.

BM·VALLÁ

Glæsilegur sólpallur í Njarðvík

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Ingibjörg Ósk Jóhannsdóttir býr ásamt fjölskyldu sinni í Njarðvík. Hún er mikill fagurkeri og heimili hennar ber þess vitni. Það er þó ekki bara innanhúss sem hún prýðir í kringum sig því pallurinn er afar glæsilegur hjá henni.

Ingibjörg Ósk er með rúmgóðan pall við húsið sem þau hjónin byggðu á síðasta ári. Áður voru þau með hellulagða verönd sem henni fannst vera kuldalegt. Á sólpallinum hafa hjónin komið sér vel fyrir með glæsilegum húsgögnum og þar er sannarlega nostrað við smáatriðin. Ingibjörg segir að það hafi ekkert verið flókið að hanna pallinn, hann sé einfaldur og þess vegna þurfti ekki að teikna hann upp. „Við vorum með okkar hugmyndir um hvernig við vildum hafa hann," segir hún.

Pallurinn er mikið notaður og segja má að hann sé bein framlenging af stofunni svo vel er hann búinn fallegum húsgögnum. Ingibjörg segir að það sé dásamlegt að vera á pallinum á sólskinsdögum og þá borða þau oft úti. „Mér finnst nauðsynlegt að hafa kósí húsgögn, blóm og skraut auk þess sem ég skreyti með ljóskerum, púðum og teppum. Það sem mér finnst best við pallinn er hversu skjólsælt er á honum og sólríkt. Svo er hann alveg mátulega stór," segir hún.

Pallurinn verður vart meira kósí en þetta. ■

Ingibjörg Ósk Jóhannsdóttir.

Vegleg húsgögn prýða pallinn en Ingibjörg leggur mikið upp úr því að hafa púða og aðra fylgihluti til að setja punktinn yfir i-ið. MYNDIR/AÐSENDAR

Séð yfir pallinn. Potturinn er yfirbyggður sem gerir það að verkum að veðrið skiptir ekki máli.

Fallegur útiarinn sómir sér vel á pallinum. Takið eftir smáhlutunum sem Ingibjörg hefur raðað smekklega.

Það hlýtur að vera einstaklega kósí að liggja í heitum potti þótt rigningin lemji á þakinu.

> **Pallurinn er mikið notaður og er bein framlenging af stofunni.**
>
> Ingibjörg Ósk

Alls staðar kemur fallegt handbragð og smekkvísi Ingibjargar í ljós.

GARÐLIST
ALHLIÐA
GARÐÞJÓNUSTA
Í ÁSKRIFT
GARDLIST.IS
554-1989

Garðhúsgögn eru margs konar og þarfnast alúðar og að vel sé hugsað um þau.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nýtast lengur með góðri umhirðu

elin@frettabladid.is

Mikið úrval garðhúsgagna er í boði hér á landi. Hvort sem fólk velur viðhaldsfrí og veðurþolin húsgögn eða úr viði, þá er alltaf rétt að fara vel með svo þau endist sem lengst. Garðhúsgögnin endast betur séu þau tekin inn yfir vetrartímann, jafnvel þótt þau séu viðhaldsfrí er alltaf hætta á að þau fjúki.

Séu húsgögnin úr sérstöku plastefni eða áli sem þolir hitasveiflur í veðri er samt mælt með að hreinsa þau reglulega. Hægt er að nota vatnsslöngu og mjúkan bursta til að hreinsa milli fléttanna í efninu. Ekki nota háþrýstibúnað á slík húsgögn.

Annað gildir um viðarhúsgögn. Ef þau eru ekki meðhöndluð kemur gráleitur litur á þau og viðurinn getur fúnað. Bera skal tekkolíu á tekkhúsgögn til að verja þau eða viðarvörn sem hentar fyrir allan við. Einnig er fáanleg þekjandi viðarvörn og hægt að velja um ýmsa liti. Sumir vilja hafa húsgögnin náttúruleg á meðan aðrir kjósa að mála þau svört, grá eða hvít. Skemmtilegt er að mála staka stóla í skærum litum og brjóta þannig upp umhverfið.

Það sama gerist með viðarhúsgögn og pallinn sjálfan. Óvarinn viður verður ljótur með tímanum. Best er að ráðfæra sig við sölumenn í málningarverslunum til að fá sem best ráð.

Nútíma garðhúsgögn eru margvísleg og oft úr mismunandi efniviði.

Ef vel er hugsað um garðhúsgögnin geta þau enst mjög lengi og ávallt verið sem ný. Húsgögnin setja svip sinn á pallinn og margir hafa bætt við sig sófum og stólum til að gera enn meira kósí.

Basthúsgögn eru venjulega með þykkum sessum sem yfirleitt eru gerðar úr slitsterku efni. Ef eitthvað hellist niður í sessurnar skal þrífa þær með mildu sápuvatni. Stundum er hægt að renna efninu af og þvo það eða setja í hreinsun. Upplýsingar um þrif ættu að fást hjá sölumönnum. ■

Geggjaðar gróðurstaðreyndir

Plöntur spila veigamikið hlutverk í tilveru okkar, hvort sem það er að búa til súrefni, fæða okkur eða auka vellíðan. Hérna eru nokkrar staðreyndir um plöntur.

hjordiserna@frettabladid.is

- Stundum er erfitt að átta sig á því hvort matjurt tilheyri flokki ávaxta. Dæmi um ávexti eru tómatar, lárpera, grasker, paprika og gúrka.
- Orðið grænmeti eða vegetable, er notað um allar matjurtir sem notaðar eru í matargerð. Ávextir bera fræ en grænmeti eru aðrir hlutar af plöntunni, eins og rætur, lauf og stilkar.
- Grænu baunirnar sem flestir Íslendingar ættu að þekkja eru ekki baunir heldur eru þær ertur, líkt og kjúklingabaunir.
- Jarðhnetur eru þá ekki hnetur heldur svokölluð belgjurt líkt og linsur og margar baunir.
- Allar baunir eru belgjurtir en belgjurtir eru ekki einungis baunir.
- Fyrstu kartöflurnar voru ræktaðar í Perú fyrir um 7000 árum.
- Tré eru elstu lífverur jarðarinnar.
- Til eru að minnsta kosti 10.000 tegundir af tómötum og árlega eru framleiddar um 60 milljónir tómata. Þetta þýðir að tómatar eru vinsælasti ávöxturinn, á eftir fylgja svo bananar.
- Hið dæmigerða jarðarber er með 200 fræ og jarðarber eru eini ávöxturinn sem ber fræin útvortis.
- Ananas og sítrónur flokkast undir ber.
- Í mörgum trúarbrögðum eru garðar táknrænir fyrir paradís og ódauðleika.
- Steinselja, salvía, rósmarín og timjan hljómar kannski ekki sérlega grípandi en í lagi Simon & Garfunkel, Scarborough Fair, þar sem óendurgoldin ást er yrkisefnið, syngur Simon um þessar plöntur. Ástæðan fyrir þessum ákveðnu plöntum felst í menningarlegri þýðingu, en þær eru notaðar bókstaflega og táknrænt til að draga úr beiskju, hreinsa, auka visku og hugrekki.
- Scarborough Fair var miðaldamarkaður í Bretlandi sem stóð yfir í 45 daga, þangað sem fólk flykktist að víða úr heiminum, seldi og keypti plöntur ásamt því að hitta fólk.
- Bæði George Washington og Thomas Jefferson ræktuðu kannabisplöntur á plantekrum sínum og sá síðarnefndi fann upp búnað til þess að framleiða hamp árið 1815. Það er þó ólíklegt að þeir hafi notað uppskeruna sem vímugjafa þar sem unninn var úr þeim hampur sem var fyrst og fremst notaður í fatnað.
- Vínber springa ef þú setur þau í örbylgjuofn.
- Samkvæmt einni rannsókn dregur garðvinna úr getuleysi karlmanna. Samkvæmt rannsókninni getur hálftími af arfatínslu, garðslætti eða annarri garðvinnu minnkað getuleysi um 50%.
- Radísur eiga uppruna sinn að rekja til Kína og voru þær, ásamt lauk og hvítlauk, notaðar sem gjaldmiðill eða laun til verkamannanna sem byggðu pýramídana. ■



Alvöru gróðurhús smíðuð á Íslandi

Sterkbyggð, falleg og umhverfisvæn gróðurhús með tvöföldu gleri, sérsmíðuð úr tré fyrir íslenskar aðstæður



- Vönduð smíði úr tré
- Tvöfalt gler
- Einföld í uppsetningu
- Íslensk hönnun

BÖRKUR
TRÉSMIÐJA

Sími 455 1900
Netfang: borkur@borkur.is

Söluskrifstofur:
Njarðarnesi 3–7, 603 Akureyri
Smiðjuvegi 2, 200 Kópavogi

Nýtínd jarðarber eru sætt og safaríkt sælgæti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Rauður, hjartalaga gleðigjafi

Jarðarber eru uppáhaldsber margra og einkar frískandi, hvort sem þau eru notuð í eftirrétt með rjóma og ís, í tertur eða út á salatið. Þá er fátt eins sumarlegt og nýtínd heimaræktuð jarðarber þegar þau eru orðin nógu rauð og þroskuð til að láta bráðna í munni.

Það er einfalt að rækta jarðarber og á allra færi. Jarðarberjaplantan þrífst vel á Íslandi, hún eru nægjusöm og hægt að rækta hana jafnt í blómabeði í garðinum, í blómapottum, gróðurhúsum, matjurtagörðum og fallegum blómahengikörfum.

Til að fá góða uppskeru þurfa jarðarber góða birtu og mikla sól og passa þarf upp á að vökva jarðarberjaplöntur reglulega í þurrkatíð. Þær þola þó ekki að standa í miklum vökva. Gott er að gróðursetja jarðarberjaplöntur með 30 sentimetra millibili og setja þær ekki of djúpt, grafa fyrst holur og bleyta jarðveginn vel áður en plantan er sett í mold. Á meðan hún vex og blómstrar fallegum blómum sem svo verða að berjum þarf að reita illgresi og arfa í kringum jarðarberjaplöntuna og verja berin fyrir geitungum og sniglum. ■

Það er auðvelt að ná sér í álagsmeiðsli í garðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ekki ofgera þér í garðinum

Nú eru margir farnir að huga að vorverkunum í garðinum, en breskur sjúkraþjálfari varar fólk við að ofgera sér í garðinum.

Sjúkraþjálfarinn Steve Briggs bendir á að ef fólk sinnir sama verkinu í of langan tíma geti það leitt til álagsmeiðsla. Því ráðleggur hann fólki að sinna hverju garðverki bara í 15 mínútur í senn og sinna svo einhverju öðru í 15 mínútur.

Hann bendir einnig á að rannsóknir sýni að nokkrar stuttar æfingar geti gert meira gagn en ein löng og að það sama gildi um hreyfingu eins og garðyrkju, því hún getur tekið á.

Briggs segir að það sé gott að setja sér 15 mínútna tímatakmörk til að byrja með. Ef fólk finnur svo ekki fyrir neinum óþægindum daginn eftir er hægt að auka tímann og sinna hverju verki í 30 mínútur í senn næst.

Briggs mælir líka með því að læra að vinna verk á sem skilvirkastan hátt. Þannig er til dæmis gott að nýta líkamsþungann þegar fólk grefur, skipta reglulega um hlið þegar tekið er á öðrum megin og lyfta alltaf með fótunum, en ekki bakinu. ■

Kolefnisjöfnum í garðinum

Félag garðplöntuframleiðenda stendur að átaksverkefninu Þinn garður – þín kolefnisbinding. Þetta kemur fram á vef félagsins gardplontur.is. Þar segir að markmið átaksins sé að auka áhuga, þekkingu og þátttöku almennings í ræktun gróðurs með tilliti til kolefnisbindingar. Með því vill félagið vekja vitund um að allur gróður og græn svæði binda kolefni og allir geta lagt sitt af mörkum. Allar plöntur ljóstillífa og binda kolefni, þar af leiðandi stuðlar ræktun í heimilisgarði að betra andrúmslofti. Á vefnum kemur fram að vegna þéttingar byggðar hafi trjágróður og garðplöntur sums staðar þurft að víkja fyrir mannvirkjum. Einnig hefur gróður átt undir högg að sækja vegna aukinna vinsælda palla, grindverka og steypts yfirborðs. Inni á vef garðplöntuframleiðanda er hægt að finna upplýsingar um hvaða plöntur er heppilegast að rækta miðað við aðstæður hvers og eins, en hvert smáframlag skiptir máli. ■

Garðagróður bindur líka kolefni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

EIRA – stuttermatunika
Fæst líka í bleiku
Stærðir 42-56
Verð kr. 10.990

Pozy - Síður pífukjóll
með blómamynstri
Stærðir 42-56
Verð kr.9.990

ZE-ZE Lunit – blómakjóll
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-48
Verð kr. 9.990

ZE-ZE VIDIA - Síður pífukjóll með
blómamynstri
Stærðir 38-48
Verð kr. 9.990

ZE-ZE Janel, Shiffon kjóll með pífum
Fæst líka í bleiku og bláu
Stærðir 36-48
Verð kr. 9.990

yesta yest no secret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE-ZE Nordic OPHILIA

GOZZIP Henriette Síður stuttermakjóll
Stærðir 40-56
Verð kr. 16.980

GOZZIP Henriette Síð tunika
Fæst líka í svörtu
Stærðir 40-56
Verð kr. 14.980

GOZZIP Lilly
„Oversized" shiffon kjóll/slá
Stærðir 40-56
Verð kr. 16.980

YESTA Linara Essential tunika
Stærðir 44-60
Verð kr. 10.980

YESTA Abernathy essential
blámynstraður kjóll
Stærðir 44-60
Verð kr. 10.980

SYBEL FRANDSEN festival DENMARK STUDIO Tamaris GOZZIP Handberg SANDGAARD LASESSOR Jana

ZE-ZE hettupeysukjóll með blóma-
mynstri og pífu
Stærðir 36-48
Verð kr. 12.990

ZE-ZE Sanne gallabuxur
Stærðir 36-48
Verð kr. 9.990

YESTA TessA gallabuxur með teygju
Fást í fleiri litum
Stærðir 44-60
Verð kr. 10.980

ES&SY – Nora ermalaus blússa
Stærðir 38-46
Verð kr. 5.980

JANA spariskór
Fást líka í svörtu og navybláu
Stærðir 37-42
Verð kr.13.990

ZE-ZE Sokkar
Ein stærð
Verð kr. 690

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Crocs-skór hafa aldrei selst eins vel og um þessar mundir. Salan á fyrsta ársfjórðungi var 64% meiri en í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Poppstjarnan Justin Bieber virkar kannski ekkert rosalega ánægður með Crocs-skóna sína á þessari mynd, en hann hannaði þá nú samt sjálfur, í samstarfi við skóframleiðandann. MYND/CROCS.COM

Crocs-skór aldrei verið vinsælli

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Crocs-skór hafa aldrei selst betur en eftir að faraldurinn hófst og fólk fór að leggja meiri áherslu á þægindi en útlit. Vel heppnað samstarf við fræga einstaklinga og tískuhönnuði hefur svo aukið við vinsældirnar.

Crocs-skór kalla oft fram sterk viðbrögð hjá fólki, margir elska þá og hampa þeim sem þægilegustu skóm veraldar á meðan aðrir fyrirlíta þá, aðallega fyrir útlitið. En þrátt fyrir skiptar skoðanir á þessum skóbúnaði er salan á Crocs-skóm að slá öll met um þessar mundir.

Í lok apríl tilkynnti Crocs metsölu á skónum á fyrstu þremur mánuðum ársins, en salan á fyrsta ársfjórðungi var 64% meiri en á sama ársfjórðungi í fyrra. Framkvæmdastjóri Crocs, Andrew Rees, áætlar nú að sala á árinu 2021 verði 40-50% meiri en í fyrra, en í febrúar var talið að hún myndi aukast um 20-25%. Hann segir að eftirspurn eftir Crocs um allan heim sé meiri en nokkru sinni.

Fyrirtækið hefur einblínt á netsölu, en hún jókst um 75,3% á fyrsta ársfjórðungi og var þriðjungur af heildarsölu tímabilsins. Það leggur líka mikla áherslu á auglýsingar á samfélagsmiðlum, en á Tik-Tok hefur myllumerkið #crocs fengið 1,6 milljarða áhorfa.

Vel heppnað samstarf

Skóframleiðandinn naut bestu sölu í sögu fyrirtækisins á síðasta ári vegna heimsfaraldursins, en margir keyptu sér Crocs til að nota í heimavinnu og endalausu hangsi heimavið.

En áður en það gerðist var fyrirtækið þegar byrjað að vinna með frægu fólki, sem hefur aukið vinsældir Crocs hjá yngri neytendum. Þannig hefur fyrirtækið unnið með poppstjörnunum Post Malone, Justin Bieber og Bad Bunny og skyndibitakeðjunni KFC, ásamt fleirum, og gefið út sérstaka skó í takmörkuðu upplagi sem hafa selst upp á örskömmum tíma.

Á tískupöllum og rauða dreglinum

Justin Bieber sendi tískuhönnuðinum og fyrrverandi kryddstelpunni Victoriu Beckham par af Crocs-skónum sínum, en hún var ekkert sérlega spennt fyrir því að nota þá og sagðist frekar vilja deyja. En þó að tískuvitar eins og frú Beckham fúlsi við Crocs hafa þeir samt sem áður fallið í kramið hjá sumum tískuhönnuðum. Þannig hefur skoski hönnuðurinn Christopher Kane notað þá á tískusýningum sínum og hátískumerkið Balenciaga gerði þykkbotna Crocs í samstarfi við skóframleiðandann árið 2018.

Tónlistarstjóri Óskarverðlaunahátíðarinnar í ár, Questlove, kom svo mörgum á óvart með því að klæðast Crocs sem höfðu verið litaðir með gullspreyi á rauða dreglinum fyrir verðlaunahátíðina. Þar með varð hann líklega sá fyrsti til að mæta í Crocs á svona fínan viðburð. ■



Crocs-skór hafa sést á tískupöllunum í ýmsum útgáfum.

Questlove tókst einhvern veginn að tolla í tískunni með þessum gulllituðu Crocs. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þetta eru Crocs-skórnir sem voru gerðir í samstarfi við Bad Bunny. Þeir lýsa í myrkri.

Crocs-skór eru til í mörgum litum og gerðum og sumir kjósa að skreyta þá.

BRÚÐKAUP

Sérblað Fréttablaðsins Brúðkaup kemur út **fimmtudaginn 20. maí.**

Athöfnin, veislan, fatnaður, gjafir og allt sem viðkemur stóra deginum.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:
Ruth Bergs
Sími 694-4103 ruth@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Colgate®

Dragðu strax úr tannkulinu

Með Colgate Sensitive Instant Relief

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

AÐALKAUP Bílasala

LÚXUS - LÍTIÐ EKINN - 4X4
SUBARU Outback LUX. Árgerð 2011, ekinn aðeins 119þ.km., bensín, sjálfskiptur. Nýl. tímareim, tveir eigendur, topp þjónusta, leður o.fl.! Verð 1.777.000. Rnr.120443.

AÐALKAUP Bílasala

EINN EIGANDI - E:39ÞKM.!!!
PEUGEOT 3008 ALLURE. Árgerð 2018, ekinn aðeins 39þ.km. bensín, sjálfskiptur. Æðislegur og vel útbúinn bíll! Verð 3.777.000. Rnr.120259. Til sýnis og sölu hjá Aðalkaup Skeifunni 3c.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
http://adalkaup.is

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

SPA Rent a bíll

Volvo XC90 T8 Hybrid. 1/2018 ekinn 63.þ.km. 7 manna. Svart leður. Glerþak. 20" álfelgur. Xenon ljós. 360°myndavél. Ofl ofl. Einn eigandi. Evrópubíll. Verð: 8.490.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta. Málum hverskonar mannvirki innan sem utan. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Nánari upplýsingar 891 9890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Áratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Hljómborð á tilboði

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús.
S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Til Sölu
OPEL GRANDLAND X ULTIMATE PLUG IN HYBRID

Árgerð 2020, ekinn 18.000 km. 300 hö og hlaðinn aukabúnaði
Nývirði er um 7.300.000.- hjá umboði
VERÐ kr. 6.290.000,-

GÆÐABÍLAR
gaedabilar.is
Nánari upplýsingar:
Guðmundur Albertsson - Gæðabílar
Sími/Tel: +354 897 1017

Leitum að ...

Leita fyrir ákveðna kaupendur að sérbýli ofan við Háaleitisbraut.

Nánari upplýsingar:
Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

MIKLABORG 569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

EYJALIND

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- **Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.**
- **Veggjagrind út 45x95 timbri.**
- **Pappi og bárustál á þaki.**
- **Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.**
- **Skúrar sem þola veður og vinda.**

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Miklu meira en bara ódýrt

ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

Hjólafesting á bíl

frá 4.995

Viðgerðar-kollur

7.495

Jeppatjakkur 2.25T 52cm

19.995

49.999

Vélagálgi 2T

Viðgerðarbretti

4.895

Hjólatjakkur 2T m/tösku

4.795

1.999

Álskóflur

9.985

Vélastandur 500kg

AirBrush loftdæla

19.995

6T Búkkar 605mm Par

9.999

frá 1.495

Startkaplar

4.995

Hleðslutæki 12V 6A

39.995

Verkfæraskápur á hjólum

99.999

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

frá 795

Mikið úrval af verkfæratöskum

Steðjar í miklu úrvali

7.995

1/2 Toppasett

3.995

1/4 Toppasett

Vice Multi angle

6.985

14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk

5.995

Verkfærasett 108 stk

4.995

Skrall-lyklar 8-17

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla

15.995

Ranamyndavél

Mikið úrval af LED kösturum og ljósum

Verðmæta-skápar

frá 5.995

Sandkassa-grafa

4.995

Lyklabox í miklu úrvali

4.995

Verkfærasett

1.995

Burstasett í borvél

Lím-byssur

frá 995

Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir

13.995

Flísasög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995

9.999

Silverline LI-ion 18V hleðslubor-vél 13mm

Fjölsög Höfftech

5.999

Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali

Útskurðarsett

24.995

Súluborvél 350W

19 .995

Metabo KS216 bútsög

Garðverkfæri í miklu úrvali

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:

Listverslun.is

Framúrskarandi fyrirtæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Ástkær eiginmaður minn,
faðir og afi,

Guðjón M. Kjartansson

lést á sjúkrahúsinu á Ísafirði
fimmtudaginn 6. maí.
Hann verður jarðsunginn frá
Súðavíkurkirkju laugardaginn 15. maí
kl. 14.00. Útförinni verður streymt á
https://www.facebook.com/vidburdastofa

Dagbjört Hjaltadóttir
Ester Ösp Guðjónsdóttir
Sölvi Mar Guðjónsson
Hrefna Ýr Ágústsdóttir
systkini hins látna og fjölskyldur.

Stjúpfaðir og bróðir okkar,

Magnús Þ. Jónsson

málari,
Hjarðarhaga 38,

lést á hjartadeild Landspítala við
Hringbraut 8. maí sl.
Útför fer fram mánudaginn 17. maí kl. 15
frá Lindakirkju Kópavogi.

Guðmundur Guðbjörnsson
Hallur Steinar Jónsson
Ragnheiður Jónsdóttir
Friðbjörg Blöndahl Jóhanna Valgerður Magnúsdóttir
Magnús Stefánsson

Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,

Hörður Agnar Kristjánsson

húsasmíðameistari,

lést á Líknardeild Landspítalans í
Kópavogi sunnudaginn 9. maí.
Útförin fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi
þriðjudaginn 18. maí klukkan 15.
Vegna fjöldatakmarkana verður athöfninni streymt á
www.lindakirkja.is/utfarir. Blóm og kransar vinsamlegast
afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á
Blindrafélagið, rn. 0115-26-47017, kt. 470169-2149.

Sigríður Birna Lárusdóttir
Bjarni Lárus Harðarson
Kristján Þór Harðarson
Nína Vilborg Hauksdóttir
Geirlaug B. Geirlaugsdóttir
og barnabörn.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

Sveinn H. Georgsson

fyrrverandi lögregluþjónn,
til heimilis að Hrafnistu DAS,
Hafnarfirði,

lést þann 8. maí 2021. Útförin fer fram
frá Víðistaðakirkju fimmtudaginn 20. maí nk. kl. 15.00.

Jón Kr. Sveinsson
Albert Sveinsson
Ásmundur Sveinsson
Katrín Ólafsdóttir
Elísabet Guðmundsdóttir
Vilborg Benediktsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Reynir Gunnar Hjálmtýsson

vélfræðingur,
Dvergholti 3, Mosfellsbæ,

lést fimmtudaginn 29. apríl.
Útförin fer fram frá Lágafellskirkju
föstudaginn 14. maí klukkan 13. Vegna aðstæðna í
þjóðfélaginu verða aðeins fjölskylda og nánustu vinir
viðstaddir en streymt verður frá www.streyma.is

Anna M. Charlesdóttir
Aron Reynisson
Arna Reynisd. Goldsmith
Ragnheiður B. Sigurðard.
Bruce Goldsmith
barnabörn og barnabarnabarn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að
senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is**
eða hringja í síma 550 5055 .

„Að tíu ára afmæli Hörpu skuli lenda á uppstigningardegi lít ég á sem tákn þess að nýir tímar séu að hefjast," segir Svanhildur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Harpa er afmælishús dagsins

Tíu ár eru frá vígslu tónlistarhússins Hörpu. Þó að gleðin á þessum tímamótum sé ósvikin, þá er allt tilstand á lágstemmdum nótum vegna sóttvarna. Forstjórinn lofar miklu fjöri á Menningarnótt.

Gunnþóra Gunnarsdóttir

„Ég hef verið tengd Hörpu allt frá meðgöngu fram á þennan dag, með einum eða öðrum hætti," segir Svanhildur Konráðsdóttir sem hefur verið forstjóri tónlistarhússins í fjögur ár og var áður sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar. Leist henni nokkuð á blikuna þegar hrunið kom og Harpa var hálfköruð? „Nei, auðvitað var óvissan mikil á tímabili. Það þurfti hugrekki og framsýni til að taka ákvörðun um að halda áfram með bygginguna og það er ekki hægt að þakka það nógsamlega að sú ákvörðun var tekin árið 2009.

Á þeim tíma var Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri og Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og þær skrifuðu undir það samkomulag fyrir hönd borgarinnar og ríkisins sem stóðu saman að framkvæmdinni."

Svanhildur segir sögu Hörpu varðaða mikilvægum augnablikum. „Tónlistarmenn höfðu barist fyrir byggingu hússins svo áratugum skipti af ástríðu, krafti og ósérhlífni og ráðamenn hafa í tvo áratugi tekið ákvarðanir sem hafa einkennst af skýrri sýn á hvað menning og listir skipta miklu máli fyrir mannvænlegt samfélag," segir hún og bætir við: „Ég get ekki hugsað þá hugsun til enda ef mál hefðu skipast á hinn veginn, að fólk hefði kosið að hrökkva í stað þess að stökkva, í þeirri stöðu sem uppi var. Auðvitað fór fram ískalt mat á því hvaða verðmæti færu í súginn við að hætta framkvæmdum. Það tap og sú trú að þetta hús yrði mikilvægur partur af upprisunni eftir hrun, hjálpaði til við að taka þá þýðingarmiklu ákvörðun að halda áfram."

Harpa skal rísa. Svanhildur Konráðsdóttir, þá sviðsstjóri hjá Reykjavíkurborg, Sigurður Ragnar hjá Íslenskum aðalverktökum, Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Stefán Hermannsson, framkvæmdastjóri Austurhafnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sprengir alla krúttskala

Afmælispakki til Hörpu verður opnaður í menningunni eftir fréttir á RÚV í kvöld. Það er afmælislag sem tíu ára börn sömdu og verður flutt af tíu ára börnum sem mynda kór, blástursband og fiðlusveit í myndbandi „sem sprengir alla krúttskala", að sögn Svanhildar Konráðsdóttur.

Áskoranir hafa einkennt reksturinn frá byrjun, að sögn Svanhildar og þar eru síðustu fimmtán mánuðir ekki undanskildir. „En að tíu ára afmæli Hörpu skuli lenda á uppstigningardegi lít ég á sem tákn þess að nýir tímar séu að hefjast. Við getum því miður ekki haldið almennilega veislu í dag vegna fjöldatakmarkana en ég lofa afmælishátíð í húsinu á menningarnótt þegar við opnum dyrnar upp á gátt." ■

> **Ráðamenn hafa í tvo áratugi tekið ákvarðanir sem hafa einkennst af skýrri sýn á hvað menning og listir skipta miklu máli fyrir mannvænlegt samfélag.**

Norræn bókverk í A6-broti til sýnis

Gunnþóra Gunnarsdóttir

Bókverkasýningin Bibliotek Nordica er samsýning 84 norrænna listamanna á bókverkum í A6-broti. Hún verður opnuð á mánudaginn, 17. maí, í Þjóðarbókhlöðunni á Melunum.

Tólf íslenskir listamenn eiga verk á sýningunni, sem hefur verið sett upp í sex löndum á síðustu tveimur árum. Sýningarstjórn er í höndum Codex Polaris – Imi Maufe, Megan Adie og Bent Kvisgaard.

Markmiðið með Bibliotek Nordica er að búa til safn norrænna bókverka sem hægt er að nota til viðmiðunar í bókmenntasögu samtímans og skapa um leið tengslanet milli Norðurlandanna.

Sýningin stendur í sumar, allt til 22. ágúst og er opin alla daga nema sunnudaga. ■

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI Á FREMSTA BEKK

LEIKSTJÓRN OG FRAMLEIÐSLA
SKAPANDI TÆKNI
HANDRIT OG LEIKSTJÓRN
LEIKLIST

Hjá **Kvikmyndaskóla Íslands** er opið fyrir umsóknir, alla daga ársins. Við erum að taka inn nýnema á haustmisseri sem hefst **19. ágúst 2021** og á vormisseri sem hefst **20. janúar 2022**. Enn eru örfá sæti laus á bæði misseri.

Nám í skólanum er tækifæri til spennandi framtíðar í ört vaxandi fagi.

KVIKMYNDASKÓLI
ÍSLANDS
Stofnaður 1992

kvikmyndaskoli.is

Sumarvöndur
Blómavals

29%

Sumarvöndur
4.990kr
~~6.990kr~~
Margar litasamsetningar í boði

Sumarblóm í úrvali

21%

Stjúpur
10 stk. 10210630
1.799kr
~~2.290kr~~

Sýpris í útipottinn
80-100 cm.
1.990kr/stk.

Blönduð sumarblóm í potti
Blómakonfekt
21 cm hengipottur.
10211239
3.990kr

Blönduð sumarblóm í potti
Blómakonfekt
Í 2 ltr., potti. 10210499
3.490kr

20%

Sólboði
10210424/10211207
1.590kr
~~1.990kr~~

Margarita
10211200
21%
1.790kr
~~2.290kr~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Allt fyrir garðinn á lægra verði

IKRA mögatec

Rafmagnshekkklippur
550W, blað 45 cm, klippigeta 16 mm. 5083754
7.995kr

IKRA mögatec

Rafmagnsorf
Framlengjanlegt skaft, 350W, 25 cm sláttubreidd, lína 1,6 mm. 5086616
5.995kr

IKRA mögatec

Hekkklippur
Pro, langt skaft, 500W, 50 cm blað, klippigeta 22 mm, 6 gráðustillingar, mest 135°, nær að klippa allt að 4 m hæð. 5083758
18.990kr

20%

BLACK+DECKER

Rafmagnssláttuvél
Svifvél, 1200W, sláttubreidd 30 cm. 5085195
13.435kr
~~16.795kr~~

23%

Mold 45 ltr.
Úrvals gróðurmold 45 ltr. 10333658
999kr
~~1.299kr~~

Mosaeyðir, 4 kg.
10205047
3.990kr

Grasfræ
Turfline 1 kg.
10205074,8
1.990kr

20%

AL-KO

Mosatætari 1300W
38 cm breidd, 5 hæðarstillingar og 55 ltr., safnari. 5083615
28.556kr
~~35.695kr~~

Garðborð
Garðborð úr stáli með glerplötu, ummál 60 cm og hæð 70 cm. Öryggisgler sem er 5 mm þykkt.
3899588
4.490kr

20%

claber

Slönguhengi
Aquapony, fylgir 15 m 1/2" slanga, byssa og 5 tengi. 5081637
5.595kr
~~6.995kr~~

20% afsláttur
af öllum **Nilfisk** háþrýstidælum

Háþrýstidæla
125 bör, 5 m rafmagnssnúra, þyngd 6.4 kg.
5254250
17.995kr
~~22.495kr~~

22%

Helluburstí
WR140
140W, 10 mm breidd á bursta, sn./mín., 1200. 5085510
6.995kr
~~8.995kr~~

IKRA mögatec

Rafmagnskeðjusög
40 cm, 2200W. 5083731
14.995kr

BLACK+DECKER

20% afsláttur
af B+D og Texas sláttuvélum

Svansvottuð málning

20% afsláttur
LADY málning

25% afsláttur
Af parketi og flísum

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Sumarveisla

Opið á uppstigningardag í Skútuvogi, Grafarholti, Hafnarfirði, Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum og Selfossi, sjá nánar á **husa.is**

OUTBACK

Gasgrill Omega 200
Grillflötur: 50x36 cm, tvískiptur brennari. hliðarborð, neistakveikja, þrýstijafnari 6,2 Kw. **3000225**

29.990kr

weber

Gasgrill Q2200
Grillflötur: 39 x 54 cm, ryðfrír brennari 3,51 kW/h–12.000 BTU, rafstýrður-kveikjurofi. **3000378**

58.990kr

20%

OUTBACK NÝTT

Gasgrill Magnum 3B
Grillflötur: 64x42 cm, með neistakveikju, undir grillgrindinni eru ryðfríar hlífar. **3000227**

69.990kr
~~87.490 kr~~

weber

NÝ SENDING AF WEBER
Gasgrill Weber Q3200
Grillflötur: 63x45 cm, efri grind: 40x11 cm, grillgrindur úr pottjárni, ljós í handfangi. **3000403**

84.990kr
~~89.990 kr~~

Pallaolía, viðarvörn og pallahreinsir

20% afsláttur

20%

Sláttuvél Razor
Bensínmótor 139cc/2,3kW, sláttubreidd 46 cm, 6 hæðarstillingar 28-75 mm, 65 ltr., safnari. **5085301**

39.995kr
~~49.995 kr~~

Nýtt blað er komið út
Skoðaðu á **husa.is**

Veðurspá Vikudagur



Austlæg eða breytileg átt 3-10 m/s og skúrir eða slydduél en yfirleitt þurrt og bjart á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 3 til 9 stig.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Luther átti leik gegn Gauglitz í Austur-Þýskalandi árið 1989.

1. Hxg7+! Kxg7 2. Dxd4+! Kxg7 3. Rxe6+ Kf6 4. Rxd4 1-0. Sigurður Freyr Jónatansson vann þriðjudagsæfingu TR – aðra vikuna í röð. Björgvin Viglundsson vann sigur á móti Ása – skákklúbbi eldri borgara, sem einnig fór fram á þriðjudag en teflt var til minningar um fallna félaga.

www.skak.is: Íslandsmót skákfélaga hefst á morgun.

Krossgáta

LÁRÉTT
1 ferma
5 tré
6 í röð
8 reytast
10 óró
11 völlur
12 bithagi
13 borgari
15 ofurselur
17 sjóngler

LÓÐRÉTT
1 nennuleysi
2 ró
3 sjáðu
4 hængur
7 meðhöndla
9 kk. nafn
12 ruddi
14 bæli
16 óðagot



LÁRÉTT: 1 lesta, 5 eik, 6 gh, 8 trosna, 10 ið, 11 tún, 12 beit, 13 íbúi, 15 fórnar, 17 linsa.
LÓÐRÉTT: 1 letiliff, 2 eirð, 3 sko, 4 agnúi, 7 hantera, 9 steinn, 12 búrt, 14 ból, 16 as.

Sudoku

2	3		4		1		9	7
	7		9	8	2			
				5		4	2	
	2	6	1	3		9	8	
9			7				6	
	1	8						
3								
			8			7	4	
1			6	2	4	3		

	6		8			9	1	
		1	6				4	3
	5			2		6		
4		6						9
	9			4				
			9	3			5	
	4			5	7		8	
1								
2		5			1			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Bókin sjálf er persóna

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Arndís Þórarinsdóttir skrifar um örlagasögu Möðruvallabókar í nýrri barnabók, Báli tímans. Bókin kemur út þegar 50 ár eru síðan Danir skiluðu Íslendingum fyrstu miðaldahandritunum.

„Guðrún Nordal hafði nefnt við mig að það væri gaman að gera einhvers konar barnabók tengda starfsemi Árnastofnunar en ég var óviss um hvernig væri gaman að nálgast það," segir Arndís. „Svo var ég á Gotlandi þar sem eru fjölmargar stórar miðaldakirkjur, sumar enn í notkun, aðrar rústir. Í slíkum byggingum upplifir maður alltaf áþreifanlega tengingu við fortíðina, stendur í sömu gætt, við sama glugga, við sama altari og ótaldar horfnar kynslóðir hafa gert. Í þeim sporum rann upp fyrir mér að þessi snertanlega tenging væri til staðar á Íslandi, þótt þar væru ekki svona gamlar byggingar – hún væri í handritunum. Mér datt því í hug að það gæti verið gaman að nálgast handritin sem lifandi forngripi sem hafa farið í gegnum hendur fjölda fólks sem við vitum yfirleitt ekki hvert var."

Arndís segist vera mjög ánægð með bókina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dregur fram konur

Í bókinni rekur Arndís sögu Möðruvallabókar frá því hún er rituð og fram yfir okkar daga, en bók hennar lýkur þegar verið er að vígja Hús íslenskra fræða, sem er enn í byggingu. „Ég hef ýmsar vörður til að styðjast við, þótt margt sé á huldu. Við vitum til dæmis fyrst af handritinu árið 1628, því þá merkir Magnús Björnsson lögmaður sér það í stóru baðstofunni á Möðruvöllum, en við vitum ekki hvort það var í Eyjafirði eða Hörgárdal. Ég þurfti að ákveða hvar handritið væri ritað, hverjir áttu það og hvað á daga þess hefði drifið. Ég fékk ráðleggingar hjá fræðimönnum um það hvað væri líklegt og hvað væri mögulegt. Ég reyndi að semja fjörlega sögu sem hefði þó getað gerst. Ég dró líka meðvitað fram konur í skálduðu hlutunum, því hin skrásetta saga handritsins er mörkuð karlmönnum en við vitum samt að handrit voru í eigu kvenna og gengu gjarnan í gegnum kvenlegg í fjölskyldum."

Krefjandi skrif

Sögumaðurinn í bókinni er handritið sjálft. „Tenging lesanda við bók er persónuleg þannig að mér fannst gaman að leyfa bókinni sjálfri að vera persóna," segir Arndís. „Um tíma var ég að hugsa um að láta börn segja söguna en sá svo að það yrði nokkuð þunglyndislegt. Sögutíminn er mjög langur og í hverjum nýjum kafla yrði sögumaðurinn í kaflanum á undan löngu látinn. Mér fannst varla hægt að bjóða upp á það!"

Arndís segir það hafa verið krefjandi að skrifa bókina. „Ég hef aldrei áður farið í svona mikla rannsóknarvinnu og ég var líka mjög lengi óviss um hvort þetta myndi lukkast. Á endanum fannst mér það gerast, ég er mjög ánægð með bókina."

Líklegt er að önnur bók fyrir börn eftir Arndísi komi út um næstu jól. Hún hlaut fyrr á þessu ári, ásamt Huldu Sigrúnu Bjarnadóttur, Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki barna- og ungmennabóka fyrir Blokkina á heimsenda. Spurð hvort verðlaunin hafi verið hvatning segir hún: „Þau voru það. Í rithöfundastarfinu þarf maður slatta af sjálfsefa, en þegar hann verður yfirþyrmandi eru verðlaun eins og þessi gott haldreipi." ■

> Mér datt því í hug að það gæti verið gaman að nálgast handritin sem lifandi forngripi.

Þorsteinn með Vigdísi Finnbogadóttur MYND/AÐSEND

Þorsteinn Gylfason í tali og tónum

kolbrunb@frettabladid.is

Söngvararnir Hallveig Rúnarsdóttir, Hildigunnur Einarsdóttir og Oddur Arnþór Jónsson ásamt Hrönn Þráinsdóttur píanóleikara, heiðra minningu Þorsteins Gylfasonar, heimspekings og ljóðaþýðanda, með flutningi á ljóðum hans og ljóðaþýðingum. Þorsteinn var mikilvirkur þýðandi og þýddi fjölda ljóða og heimspekiverka. Þorvaldur Gylfason, bróðir Þorsteins mun á milli atriða flytja stuttar sögur af og eftir Þorstein. Tónleikarnir fara fram í Norðurljósasal Hörpu sunnudaginn 16. maí klukkan 16.00. ■

Nærmyndir af náttúru

kolbrunb@frettabladid.is

Hugmynd, er yfirskrift ljósmyndasýningar Einars Lars Jónssonar í Galleríi Grásteini Skólavörðustíg. Sýningin stendur til 31. maí.

„Myndirnar eru flestar abstrakt, þar sem litir, áferð og form spila stórt hlutverk. Þetta eru nærmyndir af náttúru en sumar eru mannanna verk. Myndirnar eru teknar úti um allt. Frá fallegustu stöðum Íslands til brotajárns á haugum," segir Einar, sem lærði heimspeki við Háskóla Íslands og Ca'Foscari háskólann í Feneyjum. „Síðasta áratug hef ég starfað sem yngri flokka þjálfari í knattspyrnu, en ljósmyndun er ástríða sem mig hefur alltaf langað til að sinna." ■

Ein af ljósmyndunum á sýningunni. MYND/AÐSEND

hagar

AÐALFUNDUR Haga hf.
3. júní 2021

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, verður haldinn fimmtudaginn 3. júní 2021 og hefst hann kl. 09:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

Dagskrá fundarins:
1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu starfsári.
2) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3) Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2020/21.
4) Tillaga að lækkun hlutafjár og breytingu á samþykktum.
   - Grein 2.1 um hlutafé félagsins verði breytt þar sem hlutafé verði lækkað úr kr. 1.180.624.568 að nafnverði í kr. 1.154.232.879 að nafnverði og eigin hlutir, að nafnverði kr. 26.391.689, þannig ógiltir.
5) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda.
6) Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu, kaupréttarkerfi og skýrsla starfskjaranefndar.
7) Tillaga um breytingu á starfsreglum tilnefningarnefndar
8) Kosning tilnefningarnefndar.
9) Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda.
10) Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum.
11) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Ítarlegri upplýsingar um tillögur stjórnar, ársreikning og önnur gögn, ásamt upplýsingum um póstatkvæðagreiðslu, rétt hluthafa til að bera fram tillögur og framboð til stjórnar er að finna á vefsíðu félagsins, http://www.hagar.is/fjarfestaupplysingar/adalfundur/

Stjórn félagsins vill einnig árétta að forsvarsmenn hluthafa sem sækja fundinn, þ.e. forsvarsmenn fyrirtækja, lífeyrissjóða, fjárfestingasjóða, einstaklinga og annarra hluthafa, ber að skila umboði við skráningu inn á fundinn. Einnig verða einstaklingar beðnir um að framvísa persónuskilríkjum.

Stjórn Haga hf.

Fimmtudagur

Fréttavaktin býðum landsmönnum upp á fjölbreytta fréttaumfjöllun í opinni dagskrá. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar. Fréttavaktin er á dagskrá alla virka daga kl. 18.30 á Hringbraut og frettabladid.is

HRINGBRAUT

Hringbraut

18.30-19.00 Samfélagsvaktin Umræðuþáttur um atvinnuþátttöku fatlaðs fólks á Íslandi.
19.00 Samfélagsvaktin Umræðuþáttur um atvinnuþátttöku fatlaðs fólks á Íslandi.
19.30 Fréttablaðið í 20 ár Litrík saga Fréttablaðsins frá vordögum 2001 rakin í máli og myndum.
20.00 Fréttablaðið í 20 ár Litrík saga Fréttablaðsins frá vordögum 2001 rakin í máli og myndum.
20.30 Samfélagsvaktin Umræðuþáttur um atvinnuþátttöku fatlaðs fólks á Íslandi.
21.00 Samfélagsvaktin (e) Umræðuþáttur um atvinnuþátttöku fatlaðs fólks á Íslandi.

RÚV Sjónvarp

08.00 KrakkaRÚV
08.01 Tulipop
08.04 Lalli
08.11 Tölukubbar
08.16 Skotti og Fló
08.23 Konráð og Baldur
08.36 Kúlugúbbarnir
08.58 Rán - Rún
09.03 Múmínálfarnir
09.26 Hið mikla Bé
09.48 Grettir
10.00 Lotta flytur að heiman
11.20 Skólahreysti
12.20 Gönguleiðir
12.40 Ísland. bióland - Spegill á samfélagið
13.40 Jóhannes
14.55 Skólahreysti
16.05 Úr bálki hrakfalla
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Maturinn minn
18.12 Undraverðar vélar
18.26 Nýi skólinn
18.41 Lúkas í mörgum myndum
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Menningin - Harpa tíu ára Menningin stiklar á stóru í sögu tónlistarhússins Hörpu í tilefni af því að tíu ár eru frá opnun þess. Fjölbreyttur hópur tónlistarfólks leikur listir sínar og spáð verður í hlutverk og gildi hússins í fortíð, nútíð og framtíð.
20.10 Óperuminning Garðar Cortes
20.30 Guðríður hin víðförla
21.30 Andið eðlilega
23.10 Martina hefur séð allar myndirnar mínar. Martina har sett alla mina filmer
00.05 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

08.50 LPGA Tour Útsending frá LOTTE Championship.
12.00 PGA Tour. The Cut Skyggnst á bak við tjöldin hjá PGA mótaröðinni.
12.30 European Tour Bein útsending frá Betfred British Masters.
17.30 PGA Tour Profiles
17.30 Champions Tour Highlights
18.30 2021 PLAYERS Official Film
19.30 PGA Tour Bein útsending frá AT&T Byron Nelson.
22.30 2021 PGA Tour Champions Learning Center
22.50 PGA Special. 25 Years of Tiger
23.35 PGA Special. One Shot Away

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back
15.50 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Aldrei ein Berglindi Guðmundsdóttur ástríðukokk og matarbloggara þekkja margir. Konuna sem fór til Ítalíu og giftist sjálfri sér.
20.40 9-1-1
22.15 Systrabönd
23.00 The Late Late Show
23.45 Love Island
00.40 Ray Donovan
01.30 Law and Order. Special Victims Unit
02.15 Gangs of London
03.15 Penny Dreadful. City of Angels
04.15 Síminn + Spotify

RÚV Rás eitt

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Himnafarir
08.00 Morgunfréttir
08.05 Tónlist að morgni
09.00 Fréttir
09.05 Hryðjuverk í háloftunum
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Guðsþjónusta á Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Harpa tíu ára
14.00 Að skilja heiminn
15.00 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Ógn að ofan
17.00 Söngferðalag með Álfheiði Erlu
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Sumarbókin. Smásaga
18.30 Hljómboxið Lestarstjórarnir mæta Bröndunum
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Óperukvöld útvarpsins. La Traviata
21.40 Sólagos. Smásaga
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Séra Matthías í Odda
23.15 „Ég heiti Karítas Skarphéðinsdóttir“
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

10.30 Lego DC Super Hero Girls. Super-Villain High
11.50 The Art of Racing in the Rain
13.35 Fantastic Beasts. The Crimes of Grindelwald
15.45 Lego DC Super Hero Girls. Super-Villain High
17.00 The Art of Racing in the Rain
18.45 Fantastic Beasts. The Crimes of Grindelwald
21.00 Bad Moms Sprenghlægileg mynd frá 2016 með einvalaliði leikara. Við fyrstu sýn virðist sem Amy Mitchell hafi upplifað bandaríska drauminn í öllu sínu veldi. Hún hefur allt til alls, hús, bíl, mann, börn, hund og trausta vinnu til framtíðar.
22.35 Mortal Engines
00.45 Godzilla
02.45 Bad Moms

Stöð 2

08.00 Brúðubíllinn
08.30 Greppikló
09.00 Latibær
09.20 Mæja býfluga
10.45 Ástríkur og leyndardómur töfradrykkjarins
12.05 Friends
12.30 Friends
12.50 All Rise
13.35 Jamie Cooks Italy
14.20 Nostalgía
14.50 X-Factor Celebrity
16.15 The Greatest Dancer
17.45 Mr. Mayor Ted Danson og Holly Hunter fara með aðalhlutverk í þessum splunkunýju og bráðskemmtilegu gamanþáttum.
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
18.55 Loksins heim Frábær talsett teiknimynd fyrir alla fjölskylduna frá 2015.
20.15 Hell's Kitchen USA
21.00 The Blacklist
21.45 NCIS
22.30 NCIS. New Orleans
23.10 Real Time With Bill Maher
00.10 Vegferð Saga tveggja vina sem fara í ferðalag til þess að styrkja vináttubönd sín. Ferðalagið tekur óvænta stefnu sem reynir á vináttu þeirra og neyðir þá til að horfast í augu við eigin tilfinningar, karlmennsku og stolt. Með helstu hlutverk fara Víkingur Kristjánsson og Ólafur Darri Ólafsson, handrit er eftir Víking Kristjánsson og Baldvin Z er leikstjóri.
00.55 We Are Who We Are
01.55 Brave New World
02.40 The Enemy Within
03.25 The Enemy Within
04.05 X-Factor Celebrity

Stöð 2 Sport

08.55 Seinni bylgjan - kvenna
09.55 Pepsi Max stúkan
10.40 Breiðablik - KR 2017
11.00 Fylkir - KR Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
12.40 Domino's tilþrifin 22. umferð
15.25 Valur - Grindavík Útsending frá leik í Domino's deild karla.
17.10 1 á 1. Eiður Smári Guðjohnsen
17.35 EM 1992 Heimildaþáttur um Evrópumeistaramótið í knattspyrnu árið 1992 er mótið fór fram í Svíþjóð.
18.30 Pepsi Max Upphitun
19.05 Breiðablik - Keflavík Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
21.15 Pepsi Max stúkan
22.30 Fylkir - KR Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.

Stöð 2 Sport 2

10.05 Cagliari - Fiorentina
11.45 Sassuolo - Juventus
13.25 Sevilla - Valencia
15.10 Inter Milan - Roma
16.55 Real Valladolid - Villarreal Bein útsending.
19.00 Spænsku mörkin
19.55 Granada - Real Madrid Bein útsending.
22.00 Bologna - Genoa Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
23.40 Torino - AC Milan Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

OPIÐ Í DAG



13. MAÍ

UPPSTIGNINGARDAG

ALLAR VERSLANIR

10:00 - 18:00*

***SMÁRATORG, SKEIFAN OG LANGHOLT**

10:00 - 19:00

FRAMLEITT ÚR SÉRVÖLDUM ÍSLENSKUM UNGNAUTUM

SMASH STYLE UNGNAUTAHAMBORGARAR

100% ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT AF SÉRVÖLDUM NAUTGRIPUM

RIBEYE

4.998 kr./kg

Íslandsnaut Ungnautaribeye
100% íslenskt

FILLET

4.998 kr./kg

Íslandsnaut Ungnautafillet
100% íslenskt

2X 140 g

598 kr.

Smash Style Ungnauta Hamborgarar
2 stk. í pk.

198 kr./pk.

Bónus Hamborgarabrauð
4 stk. í pk.

BÓNUS
GRILLVERSLUN ALLRA LANDSMANNA

Verð gildir til og með **16. maí** eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Hughrífandi, alíslensk, gotnesk martröð

KVIKMYNDIR

Alma

★★★★☆

Leikstjórn: Kristín Jóhannesdóttir
Aðalhlutverk: Snæfríður Ingvarsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Emmanuelle Riva, Hilmir Snær Guðnason

Þórarinn Þórarinsson

Snæfríður Ingvarsdóttir er nánast í hverjum ramma og ber myndina uppi með stórleik í mjög svo krefjandi hlutverki.

Kristín Jóhannesdóttir er eyland í íslenskri kvikmyndagerð og þótt víðar væri leitað og óhætt að fullyrða að enginn gerir kvikmyndir eins og hún. Ekki síst vegna þess að fátítt er að leikstjórar leyfi sér að gera jafn miklar kröfur til áhorfenda og hún gerir, sem verður óhjákvæmilega til þess að hún er ekki allra og sjálfsagt munu einhverjir hausar hristast yfir Ölmu eins og yfir Á hjara veraldar og Svo á jörðu sem á himni á sínum tíma.

Ljóðrænan er ríkjandi í myndum Kristínar og tíminn er afstæður innan sem utan höfundarverksins, sem aðeins telur þessar þrjár myndir sem hún hefur gert á tæpum fjórum áratugum. Frumraunin, Á hjara veraldar, hristi upp í mannskapnum 1983, Svo á jörðu sem á himni var frumsýnd 1992 og nú, 29 árum síðar, birtist Alma. Kröftug, ágeng og ljóðræn saga sem lýtur sínum eigin lögmálum og er líkleg til þess að vekja alls konar hughrif.

Það er síðan undir hverjum og einum komið hvort hann hrífist með eða láti stjórnast af ferköntuðum pirringi, þegar Kristín kastar hefðbundnum frásagnarmáta fyrir róða og lætur linsu tökuvélarinnar leika um margbrotinn og klofinn huga titilpersónunnar.

Súrrealískar stemningar

Myndinni er lýst sem örlagasögu Ölmu, ungrar konu, sem er vistuð á réttargeðdeild eftir að hafa játað á sig morð á kærastanum sínum þótt ekkert sé líkið og hún muni ekkert eftir verknaðinum. Sjö árum síðar stígur hinn myrti fram sprelllifandi og Alma ákveður þá að fremja glæpinn sem hún hefur þegar afplánað hugarvíl og innilokun fyrir.

Á pappírnum gæti þetta hæglega verið söguþráður ósköp venjulegrar glæpamyndar, en Alma er eitthvað allt annað og miklu meira. Myndin gerist að miklu leyti í huga aðalpersónunnar þar sem sjálfið leynist í mörgum vistarverum í ýmsum brotum.

Sagan sjálf, sem þó keyrir hugsanir og gjörðir Ölmu áfram, er því í raun aukaatriði, en um leið veikasti hlekkurinn í firnasterkri keðju hughrifa, heillandi stemninga, súrrealískra útúrdúra og seiðandi og ágengra myndbrota og stemninga.

Ferðalag Ölmu liggur um hugarheima hennar frá réttargeðdeild út á land.

Heillandi frammistaða Emmanuelle Riva reyndist vera svanasöngur hennar.

Háfleygar lýsingar? Óhjákvæmilega, þar sem Alma er marglaga listaverk sem sprengir í raun kvikmyndaformið utan af sér og streymir fram í ólgandi lýrik þar sem ljós og myrkur, þungir tónar og léttir dansa saman í hárfínu jafnvægi sem Kristín heldur af mikilli íþrótt.

> Háfleygar lýsingar? Óhjákvæmilega, þar sem Alma er marglaga listaverk sem sprengir í raun kvikmyndaformið utan af sér.

Þarna væri svo auðvelt að misstíga sig og missa myndina út í uppskrúfaða tilgerð, en þrátt fyrir stöku feilspor hér og þar gerist það aldrei.

Stórleikur Snæfríðar

Snæfríður Ingvarsdóttir sýnir yfirvegaðan stórleik í hlutverki Ölmu og ber myndina á herðum sér, enda er persónan eða hugur hennar nánast alltaf í mynd. Persónan er flókin og hvergi fer á milli mála að hlutverkið er krefjandi og Snæfríður stendur svo fullkomlega undir þessu að myndin, eins undarleg og hún er, gengur upp. Á einhvern undarlega óræðan hátt.

Aðrir leikarar skila sínu með sóma. Kristbjörg Kjeld og franska leikkonan Emmanuelle heitin Riva glansa og sýna ómótstæðilegan samleik í hlutverkum aldraðra kvótaprinsessa sem hýsa Ölmu þegar hún hverfur aftur heim í sjávarþorp æsku sinnar.

Hús þessara sérlunduðu kvenna er síðan eins og gotneskur kastali og einhver alflottasta sviðsmynd sem sést hefur í íslenskri kvikmynd. Alveg ofboðslega „erlendis“ eins og í raun myndin öll, sem er löðrandi í gotneskum minnum en um leið einhvern veginn alíslensk.

Hilmir Snær Guðnason leikur sálfræðing Ölmu og örlagavald, sem er ekki allur þar sem hann er séður, áreynslulaust og Þröstur Leó Gunnarsson bregst ekki frekar en fyrri daginn frekar en aðrir leikarar. Ólafía Hrönn Jónsdóttir skarar þó alveg fram úr og stelur sínum senum með átakanlegri en samt dálítið kómískri túlkun á andlega veikum morðingja sem dvelur með Ölmu á réttargeðdeildinni.

Undir áhrifum

Kvikmyndin er, rétt eins og hugur Ölmu, litrík mósaík þar sem saman koma magnaðar sviðsmyndir, frábær kvikmyndataka Ita Zbroniec-Zajt af tilkomumiklu landslagi og þrúgandi, smart skotum þar sem sumir rammar eru svo drekkhlaðnir táknum og vísunum að hugurinn nemur ekki nema brotabrot af úthugsuðu áreitinu í nístandi fallegum martraðarstemningum.

Yfir þessu öllu og utan um svífur svo ferlega flott tónlist Högna Egilssonar, sem kallast svo brjálæðislega vel á við myndefnið að áhrifin verða á köflum bókstaflega líkamleg.

Sagan um glæpinn sem aldrei var framinn en verður það kannski, hrískast framan af eftir þessu myndræna völundarhúsi huga aðalpersónunnar. Er eiginlega bara enn eitt brotið í myndinni og sennilega hefði farið best á því að leyfa sögunni að rekast þannig til enda.

Heildarmyndin verður einhvern veginn aðeins veikari undir lokin, þegar reynt er að jarðtengja söguna með einhverri línulögun þannig að hún „meiki sens“. Þetta verður einhvern veginn til þess að maður byrjar að bögglast við að reyna að skilja myndina. Hvað var ég eiginlega að horfa á? Þegar besta svarið er sennilega: Ég veit það ekki og mér er alveg sama.

Þessi mynd virkar best þegar hún er óskiljanleg og hughrifin allsráðandi. ■

NIÐURSTAÐA: Snæfríður Ingvarsdóttir ber uppi margbrotið og ljóðrænt listaverk Kristínar Jóhannesdóttur, sem eins og endranær gerir miklar kröfur til áhorfenda sem líklega uppskera mest með því að reyna að skynja Ölmu frekar en skilja.

Já-fólkið kemur í bíó

toti@frettabladid.is

Sýningar hefjast í Sambíóunum í dag á teiknuðu stuttmyndinni Já-fólkið. Gísli Darri Halldórsson leikstýrir myndinni, sem vakti verðskuldaða athygli þegar hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna í sínum flokki.

> Gamansömu ljósi er brugðið á viðjar vanans sem fólkið er fast í.

Já-fólkið er rúmlega átta og hálfrar mínútu löng og verður sýnd á undan spennumyndinni The Courier, sem fjallar um kaldastríðsnjósnarann Greville Wynne, sem Benedict Cumberbatch leikur, og rússneskan heimildarmann hans, sem reyna í sameiningu að binda enda á Kúbudeiluna.

Já-fólkið varpar gamansömu ljósi á hversdagslíf fólks í blokk.

Já-fólkið er á öllu hversdagslegri nótum þar sem íbúum í blokk er fylgt eftir í einn dag og gamansömu ljósi er brugðið á viðjar vanans sem fólkið er fast í. Raddleikarar í myndinni eru ekki af verri endanum en þar á meðal eru Helga Braga Jónsdóttir, Jón Gnarr, Þorvaldur Davíð Kristjánsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Kristján Franklín Magnús og Sigurður Sigurjónsson. ■

Toppurinn í útivist

Hilleberg Anjan 2GT
2 manna göngutjald. 2,1kg
161.995,-

Vango Pulsar Pro 300
3 manna göngutjald. 3,75kg
55.995,-

Vango Mirage Pro 200
2 manna göngutjald. 3,02kg
48.995,-

Vango Nevis 100
1 manns göngutjald. 1,7kg
22.995,-

Vango Tempest Pro 200
2 manna göngutjald. 2,7kg
45.995,-

Vango Skye Air 400
"Air Beam" súlur. 4 manna
85.995,-

Vango Stargrove II Air 450
"Air Beam" súlur. 4 manna
155.995,-

Vango göngustafir
Margar gerðir
Verð frá 9.995,-

Mammut Lithia Speed 15
Léttur bakpoki á hjólið eða stuttu göngurnar
15.995,-

Vango svefnpokar
Margar gerðir
Verð frá 10.995,-



Vango dýnur
Margar gerðir
Verð frá 8.995,-

Coxa Carry Phone case
Einangruð hlíf fyrir síma
2.995,-

Mammut Convey Tour HS
Vatnsheld skel fyrir herra
37.995,-

Mammut Courmayeur
Bæði til í dömu og herra
32.995,-

Vango Ultralite Stove
Lítil og létt gaseldavél
6.595,-

Mammut Ducan High GTX
Léttir og góðir gönguskór fyrir dömur
37.995,-

Vango Magma Flask
500ml, 750ml, 1000ml.
Verð frá 2.495,-

FISCHER · RUDY PROJECT · STEVENS BIKES · KV+ · alpina · swix · Vango · HEAD · Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun

EXTRA

4999 kr.pk.

ZURU BUNCH BALLOONS
420 STK

VINSÆL VARA

2699 kr.pk.

MITRE FÓTBOLTI - STÆRÐ 5

4999 kr.pk.

SPALDING REPLICA
BASKETBALL S7

okkar uppáhalds úr

COSTCO WHOLESALE

BARÓNSTÍGUR 8-24

KEFLAVÍK OG AKUREYRI 24/7

WWW.EXTRA.IS

Dóra Júlía og Laura Clark opna sýningu á verkum Valtýs Pétursonar á morgun við Hagatorg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Stundum þarf bara að brjóta hlutina upp

Listfræðinemarnir Dóra Júlía og Laura eru sýningarstýrur sýningarinnar Óhlutbundinn veruleiki sem verður opnuð á morgun og kusu þær að fara óhefðbundna leið til að færa listina til áhorfandans.

steingerdur@frettabladid.is

Á morgun verður sýningin Óhlutbundinn veruleiki opnuð, en sýningarstýrur hennar eru þær Dóra Júlía Agnarsdóttir og Laura Clark. Þær eru báðar nemar í listfræði í Háskóla Íslands. Hluti af áfanga sem kallast Listgagnrýni og sýningastjórn felst í því að setja upp sjálfstæða sýningu.

„Ég og bekkjarsystir mín Laura vorum svo heppnar að fá að vinna með Listasafni Háskóla Íslands, sem er alveg ótrúlega flott og skemmtilegt listasafn. Það er list víða í Háskólanum, sem er svona gegnumgangandi um allar byggingar.

Okkur fannst smá eins og nemendur væru ekki beint að njóta þeirra. Það voru margir sem ég talaði við sem höfðu séð þau, en ekki beint horft á þau eða tekið almennilega eftir þeim, af því við erum á svo stanslausum þeytingi. Við eigum það til að gleyma að líta bara upp, vera í núinu," segir Dóra Júlía.

List fyrir vegfarendur

Dóru og Lauru fannst alveg sérstaklega skemmtileg hugmynd að setja upp sýningu á háskólasvæðinu.

„Við fengum úr geymslu Listasafns Háskóla Íslands ellefu abstrakt verk eftir listamanninn Valtý Pétursson, sem var mikil brautryðjandi í íslensku listasenunni. Hann var forsprakki í abstrakt-list á Íslandi og mjög óhlutbundinn listamaður. Okkur langaði að fleiri fengju að upplifa verk hans, fá nýjar kynslóðir til að njóta arfleifðarinnar sem margir íslenskir listamenn hafa skilið eftir sig.

Við fengum að vinna þetta í samstarfi við Hið íslenska bókmenntafélag. Sýningin er í byggingu Hótel Sögu, á jarðhæðinni. Við fengum svo flottan sal þar sem gluggar ná til gólfs, þannig að gangandi vegfarendur geta notið listarinnar."

> Það er svo mikilvægt að leyfa ekki erfiðleikunum alltaf að taka yfir, það eru alls konar víddir og ólík sjónarhorn sem við getum minnt okkur á.

Hún segir þær hafa valið nafnið Óhlutbundinn veruleiki í ljósi þess að lífið sé oft svo óútreiknanlegt og í raun abstrakt, óhlutbundið.

„Síðasta ár hefur bara minnt okkur á það. Það er ekki alltaf hægt að kryfja allt eða fylgja sama strúktúrnum og formunum. Stundum þarf bara að brjóta hlutina upp til að ná að njóta þeirra. Myndirnar eru mjög litaglaðar og skemmtilegar, okkur fannst það líka haldast í hendur við hækkandi sól og vonina sem vorið felur alltaf í sér.

Okkur langaði að minna fólk á að við þurfum ekki alltaf að skilja, leyfum okkur stundum að njóta, en ekki endilega vera alltaf að horfa stanslaust hingað og þangað. Draga andann djúpt og virða fyrir sér listina sem umkringir okkur," segir hún.

Listin allt í kring

Fólk þarf oftast ekki að leita langt þegar kemur að fegurðinni og listinni í kringum okkur, að sögn Dóru Júlíu.

„Til dæmis ef þú ert í Háskólanum og ert að læra á fullu fyrir próf, stundum virðist það sem þú stendur frammi fyrir vera stærra en heimurinn. En svo getur þú kannski litið upp og áttar þig á að það eru ótrúlega skemmtileg listaverk fyrir framan þig. Það er svo mikilvægt að leyfa ekki erfiðleikunum alltaf að taka yfir, það eru alls konar víddir og ólík sjónarhorn sem við getum minnt okkur á," útskýrir Dóra Júlía.

Hún segir samstarf þeirra Lauru hafi orðið til á mjög náttúrulegan máta, það hafi fljótt komið í ljós að þær ynnu vel saman.

„Hún er alveg frábær og við erum orðnar mjög góðar vinkonur. Það var ætlast til þess að við tækjum verkefnið tvö eða fleiri saman. Við fórum í skoðunarferðir á mismunandi söfn og okkur leist báðum mjög vel á Listasafn Háskóla Íslands. Þannig að við byrjuðum að tala saman og þannig fór þetta bara að flæða," segir hún.

Lærdómsríkt ferli

Ferlið hefur verið mjög lærdómsríkt fyrir þær báðar.

„Það er ótrúlega margt sem þarf að huga að, þetta er náttúrulega bara fyrsta listsýningin sem við setjum upp. En Hlynur Helgason, kennarinn okkar, hefur veitt okkur ómetanlegan stuðning og hjálp. Kristján Steingrímur Jónsson hjá Listasafni Háskóla Íslands hefur kennt okkur mjög mikið. Ólöf Dagný Óskardóttir hefur verið dásamleg við okkur, þannig að það hafa allir einhvern veginn reynst okkur rosalega vel. Þetta hefur verið ótrúlega lærdómsríkt og skemmtilegt ferli," segir Dóra Júlía.

Sýningin Óhlutbundinn veruleiki verður opnuð í húsnæði Hins íslenska bókmenntafélags á morgun klukkan 14.00. Hún verður opin í allt sumar og því vona þær Dóra og Laura að sem flestir nái að njóta, þar á meðal gangandi vegfarendur. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

15|05
LAUGARDAGUR
KL.14:00 & 16:00

16|05
SUNNUDAGUR
KL.14:00 & 16:00

HVAR ER HÚFAN MÍN?

LITRÍKIR TÓNLEIKAR FYRIR BÖRN Á ÖLLUM ALDRI

Hvar er húfan mín?, ***Ja, fussum svei!***, ***Dvel ég í draumahöll***, ***Þegar piparkökur bakast*** og fjölmörg önnur kunnugleg lög Thorbjörns Egners úr ***Kardemommubænum*** og ***Dýrunum í Hálsaskógi*** hljóma nú á fernum tónleikum í Eldborg í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hóps frábærra leikara.

Við leggjum áherslu á ábyrgt viðburðahald og fylgjum gildandi sóttvarnareglum. Sætaframboð er takmarkað og því gott að tryggja sér miða sem fyrst á **sinfonia.is**.

– Hlökkum til að sjá þig!

Hljómsveitarstjóri
Daníel Bjarnason

Útsetningar
Jóhann G. Jóhannsson

Einsöngvarar
Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Pálmi Gestsson, Valur Freyr Einarsson og Sigurður Þór Óskarsson

Skólakór Kársness

KONTOR REYKJAVÍK

Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050

PINTO
Hornsófi í Pintolínunni. Í koníaksbrúnu Colorado áklæði. Innra byrði púðanna er úr endingargóðum kaldpressuðum svampi, trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fætur úr sterku, svörtu járni. Stærð: 293 x 217 x 85 cm

295.992 kr. ~~369.990 kr.~~

BILOXI
Biloxi sófinn fæst í gráu og bláu Danny áklæði og ljósgráu og búrgúndí rauðu Diva áklæði. Þéttur og góður svampur gerir sófan þægilegan. Vegna skemmtilegrar hönnunar fær sófinn verðskuldaða athygli. 47 cm sethæð. Stærð: 200 x 80 x 84,5 cm

95.992 kr. ~~119.990 kr.~~

CLEVELAND
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Cleveland sófar eru fáanlegir í ótal útgáfum. 2ja, 3ja sæta, horn- og tungusófar.
Stærð: 308 × 140/203 × 81 cm

159.992 kr. ~~199.990 kr.~~

VENICE
Glæilegur 3ja sæta sófi, þéttur með baki sem styður vel við. Fæst í bláu eða gráu sléttflaueli. Einnig fánanlegur 2ja sæta og stóll. Stærð: 184 x 85 x 89 cm

151.992 kr. ~~189.990 kr.~~

RIA
Nettir og einstaklega þægilegir 3ja sæta sófar. Í gráu eða dökkgráu Holly áklæði. Fáanlegur í bleiku (Dusty Rose) sléttflaueli. (Einnig fáanl. 2ja sæta)Stærð: 192 × 83 × 79 cm

87.992 kr. ~~109.990 kr.~~

NATUZZI EDITIONS

NATUZZI EDITIONS C198
Stórglæsilegir, vandaðir 2ja og 3ja sæta leðursófar frá Natuzzi Editions. Hágæða koníaksbrúnt Natuzzi leður, vönduð bólstrun og frágangur.

2ja sæta: 172 x 94 x 79 cm
351.992 kr. ~~439.990 kr.~~

3ja sæta: 204 x 94 x 79 cm
399.992 kr. ~~499.990 kr.~~

FLORIDA
Glæsilegur og þægilegur hornsófi. Áferðarfallegt, ekta leður allan hringinn, leðrið fæst dökkbrúnt, dökkgrátt eða svart. Þétt, mjúk sæti og bak með fallegum þversaumi. Sófinn fæst með vinstra eða hægra horni (það er ekki færanlegt). Stærð: 260 × 218 × 95 cm

319.992 kr. ~~399.990 kr.~~

Reykjavík Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri **Dalsbraut 1**
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður **Skeiði 1**

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

* ***Gildir ekki af sérpöntunum eða vörum frá Skovby***

SÓFA DAGAR

ALLIR SÓFAR 20% AFSLÁTTUR*

www.husgagnahollin.is
VEFVERSLUN

BLUES
Stíhreinn sófi sem sver sig í ætt skandinavískrar hönnunar. Fæst 2,5 og 3ja sæta í sinnepsgulu velúráklæði. Kaldpressaður svampur og sílikontrefjar veita góðan stuðning og endingu. Svartir og sterkir járnfætur. Sethæð 44 cm.

2,5 sæta, stærð: 190 x 85 x 92 cm
103.992 kr. ~~129.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 205 x 85 x 92 cm
111.992 kr. ~~139.990 kr.~~

Skammel
23.992 kr. ~~29.990 kr.~~

Hnakkapúði
11.992 kr. ~~14.990 kr.~~

SÓFABORÐ, PÚÐAR & TEPPI EINNIG MEÐ 20% AFSLÆTTI* Á SÓFADÖGUM ÓTRÚLEGT ÚRVAL

V. sófi: 180 x 68 x 73 cm. Borð: 144,5 x 74,5 x 67 cm. H. sófi: 170 x 68 x 73 cm.

BALI ÚTISÓFI OG BORÐ
Fallegt og þægilegt garðsett úr svörtu Polyrattan (tveggja þráða 8 mm flötu fléttuefni). Ofið utan um dufthúðaða járngrind (sinkrör). Hornsófi og hátt matborð. Með settinu fylgja setpullur ogþægilegar bakpullur úr svampi með áklæði úr pólýester.

Heildarverð:
111.992 kr.
~~139.990 kr.~~

Þú finnur bæklinginn
husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —
Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Bakþankar

Kolbeins Marteinssonar

Uppstig

Í dag er uppstigningardagur, þessi sérstaki helgidagur sem boðar sitt frí á fimmtudegi, degi of snemma. Ekki er nafn þessa dags eins skemmtilegt og síðasti fimmtudagsfrídagurinn, sumardagurinn fyrsti.

Ef þú gúgglar uppstig þá ertu strax dreginn inn í byggingarreglugerð þar sem fjallað er um uppstig og framstig. En þó tröppur séu þarfaþing þá eru þær ekki ástæðan fyrir nafngift þessa ágæta dags. Ég bjó eitt sinn í Danmörku en þar heitir dagurinn Kristi himmelfartsdag. Dagurinn sem Kristur fór til himna. Þar er merkingin klár og skýr.

Samkvæmt Wikipedia ákvað Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar að gera daginn að kirkjudegi aldraðra á Íslandi árið 1982, sem var einmitt ár aldraðra. Þannig að ef þú, kæri lesandi, ert trúrækinn eldri borgari þá er þetta ekki aðeins dagur til að minnast himnafarar frelsarans heldur einnig tilvalinn dagur til að drífa sig í kirkju.

Og talandi um fimmtudaga. Fyrir viku fékk ég boð um bólusetningu. Allt gekk vel og ég gekk glaður út í sólina með bóluefni streymandi um æðarnar. Mikið var lífið fallegt! Allt þangað til ég vaknaði um nóttina við taktfast sippið í nágranna mínum. Að auki var ég reyndar orðinn heitur mjög og kenndi mér meins í liðum og höfði milli þess að um mig hrísladist kaldur sviti. Verst var þó þetta sipp sem reglulega vakti mig frá værum blundi. Síðar um nóttina áttaði ég mig þó á að béskotans sippið var í raun minn eigin hjartsláttur sem hafði vakið mig með þessum ranghugmyndum. Ég náði aldrei að verða nægjanlega ruglaður til að muna eftir hugmyndum um 5G senda Bill Gates og bólusetningar. Upp steig ég 24 tímum síðar sem nýr væri, þó ekki alla leið til himna. ■